# Bréfabók borgarstjóra 27. júlí - 3. sept. 1908-1909

## Aðfnr. 229, 6. hluti

Bréf 3. júlí 1909 – 3. sept. 1909


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júli 1909

783

Jeg leyfi mjer hjer með að tilkynna yður, herra yfirrjettarmálaflutningsmaður, að á kjörfundi 26. f.m. voruð þjer ásamt skrifstofustjóra Jóni Hermannssyni kosinn endurskoðandi bæjarreikninga Reykjavikurkaupstaðar um næstu 6 ár frá 1. jan. þ.á. að telja.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júli 1909

784

Jeg leyfi mjer hjer með að tilkynna yður, herra skrifstofustjóri, að á kjörfundi 26.f.m. voruð þjer kosinn endurskoðunarmaður bæjarreikninga Reykjavikurkaupstaðar um næstu 6 ár frá 1. jan. þ.á. að telja, ásamt yfirrjettarmálaflutningsmanni Oddi Gislasyni.-

Herra skrifstofustjóri Jón Hermannsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3. júlí 1909

785

Fátækranefnd Reykjavíkur segir hjer með upp frá 1. næsta mánaðar að telja ábyrgð þeirri, er hún hefur tekið á greiðslu húsaleigu Árna Þorvarðarsonar, þurfamanns þess, er hjá yður býr.-

Herra trjesmiður Guðmundur Egilsson, Laugaveg 40 A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júli 1909

786

Hjer með eruð þjer, herra bæjarfógeti, beðinn um að láta sem fyrst taka æfiferilskýrslu Benjamins nokkurs Halldórssonar, sem lagður hefur verið sjúkur á franska spitalann við Lindargötu.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júlí 1909

787

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna bankanum, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17.f.m. samþykkt að taka tilboði bankans dags. s.d. um að lána bænum sem veðdeildarlán 500 þúsund krónur, er greiðist á tímabilinu 11.des. til 2. jan. næstkomandi, og með þeim kjörum, að lánstíminn verði 30 ár og að bankinn kaupi veðdeildarbrjefin fyrir 98 % af ákvæðisverði þeirra.-

Til Landsbanka Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júli 1909

788

Eins og meðfylgjandi eptirrit af brjefi Landsbanka Íslands dags. 17.f.m. og eptirrit úr fundargjörð bæjarstjórnarinnar frá 17.f.m. bera með sjer, hefur bæjarstjórnin samþykkt að taka 500 þúsund króna veðdeildarlán hjá Landsbanka Íslands, með þeim kjörum, að lánið endurborgist á næstu 30 árum og að bankinn kaupi veðdeildarbrjefin fyrir 98% af ákvæðisverði þeirri. Er svo ætlast til, að 400 þúsund krónur af láni þessu gangi til byggingar gasstöðvar í bænum, en 100 þúsund krónur til að endurborga með bráðabyrgðalán, er tekið hefur verið í Íslandsbanka til að fullgjöra vatnsveituna. Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinu háa stjórnarráði vildi þóknast að veita samþykki sitt til, að bærinn megi taka lán þetta.-

Með því að ofangreint veðdeildarlán Landsbankans ekki fæst útborgað fyr en á tímabilinu frá 11. des. til 2. jan. næstkomandi, en bærinn þarf hinsvegar fyrir þann tíma að greiða nokkuð út til byggingar gasstöðinni samþykkti bæjarstjórnin ennfremur að taka bráðbyrgðalán hjá Íslandsbanka hjá Íslandsbanka, er hugsast tekið með víxlum, eins og segir í brjefi Íslandsbanka dags. 17.f.m., er hjer með fylgir eptirrit af, og þannig að víxlar þeir verði endurgoldnir af veðdeildarláninu þegar það fæst. Leyfi jeg mjer einnig virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinu háa stjórnarráði vildi þóknast að veita samþykki sitt til að bærinn megi einnig taka þetta bráðabyrgðarlán.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

806

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. júli 1909

789

Hjer með tilkynnist bankanum að bæjarstjórnin hefur á fundi 17. f.m. sambykkt að sæta ef hún þarf á að halda tilboði bankans i brjefi dags. 17.f.m. um að bankinn kaupi eigin vixla,er bærinn gefur út,er greiðist i Kaupmannahöfn ekki siðar en 2. jan. næstkomandi,og að öðru leyti með skilmálum þeim,er bankinn hefur ákveðið i nefndu brjefi 17. f.m.-

Til Íslandsbanka.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

5. júli 1909

790

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með eptirgreindar skýrslur viðvikjandi kennslunni i barnaskóla Reykjavikurkaupstaðar skólaárið 1908 - 1909 :

1, Skýrslu á 25 blöðum um ársprófskólans á þessu vori, að meðtaldri prófskýrslu i barnabekk kennaraskólans,

2, töflu, er sýnir vikustundir námsgreina i skólanum á árinu.

3, Skrá yfir kennsluáhöld skólans.

4, Eptirrit úr gjörðabók skólanefndarinnar, er sýnir hve mörg börn hafa notið kennslu á skólaárinu.-

Leyfi jeg mjer jafnframt að fara þess á leit, að mjer verði ávisaður úr landssjóði tiltölulegur hluti af þeim 6000 kr., sem samkvæmt hinum gildandi fjárlögum 14. gr. vll.b.l. eiga að greiðast úr landssjóði til barnaskóla i kaupstöðum.

Að því er snertir greiðslu til skólans úr bæjarsjóði leyfi jeg mjer að visa til meðfylgjandi áætlunar um tekjur og gjöld Reykjavikurkaupstaðar árið 1909, er sýnir að til barnaskólans hafa verið áætlaðar það ár 29 þúsund krónur, og eru þó ekki þar með taldar vextir og afborganir af fje því, sem varið hefur verið til byggingar skólahússins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Juli '09

808

791

Til

A/S. Sophus Berendsen

Ved Udlosning af den med Damper. "Hildur" hertil sidst ankomne Sending Støbejernsrør har en forholdsvis stor Procentdel af Rørene vist sig beskadigede, idet 4 Rør ere revnede paa Midten og altsaa kassabel og 59 Rør ere itueslaaede eller revnede i Spidsenden, men kunne dog benyttes efter Bortskæring af den beskadigede Part.

Nævnte Rør ere alle af 300 m/m. Diameter. Der fremkommer herved et Deficit paa c. 100 lb. m.

Endvidere mangler der 13 Stk. 300 m/m. Rør i det forlangte Antal, svarende til 52 lb. m.. Med Tillæg for Brækage vil det altsaa være nødvendigt at eftersende 160 lb. m. 300 m/m. Rør. Forsendelsen maa ske omgaaende og Ansvar vil blive gjort gældende for eventuel Forsinkelse og Arbejdets Aflevering, ligesom de med Overhugningen forbundne Udgifter ville blive førte i Regning.

Endvidere mangler en Forbindelsesdel af stor Vigtighed nemlig den rekvirerede 300 m/m. Flangestuds (F-Stykke, tysk Normal, med Bolte, hvormed Indløbssien skal forbindes med den første Rørmuffe. Det er aldeles nødvendigt at den fremkommer omgaaende.

Endelig bedes medsendt 6 Stkr. 250 m/m Skydemuffer 1 ½. Stutsker.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. júlí '09

792

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 10-tíu krónur uppí styrk Sigurgeirs Kristjánssonar, Hverfisg. 50. –

Vænti jeg kvittunar fyrir þessum 10-tíu krónum við tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkerans í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. júlí '09

793

Jeg sendi yður, herra verkfræðingur, hjer með eptirrit af brjefi, er jeg í dag hef skrifað A/S Sophus Berendsen viðvíkjandi skemdum á vatnsrörum.-

Herra
verkfræðingur Knud Zimsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
7. júlí 1909

794

Bæjarstjórnin hefur keypt af herra bæjarfógeta Jóni Magnússyni lóð undir framhald Þingholtsstrætis fyrir 1200 kr.-Er hjer með lagt fyrir yður,herra bæjargjaldkeri,að útborga bæjarfógetanum þessum 1200 kr. og færa bæjarsjóðnum þær til útgjalda undir 11,5 gjaldalið áætlunarinnar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júli 1909

Bæjarstjórnin hefur keypt býlið Skaptholt i Eyðslandi i Seltjarnarneshreppi fyrir 300 kr..Þessar 300 kr. er hjer með lagt fyrir yður,herra bæjargjaldkeri, að greiða herra óðalsbónda Guðmundi Ólafssyni i Nýjabæ á Seltjarnarnesi,sem hefur selt bænum býlið i umboði eigandans og hefur umboð til að kvitta fyrir kaupverðinu.-

Kaupverðið færist til útgjalda undir 16. útgjaldalið fjárhagsáætlunarinnarr.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. júli 1909

795

Eins og meðfylgjandi eptirrit úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar frá fundarhaldi hennar 23. f.m. ber með sjer vill bæjarstjórnin fá tekið eignarnámi undir breikkun og lögun Laufásvegar spildu af landi, er frú Sophia Thorstóinsson á meðfram veginum milli húsa Jóns Þórarinssonar og Odds Gislasonar, svo breiða, að vesturjaðar götunnar fylgi austurhliðum húsa Jóns Þórarinssonar og Odds Gislasonar. En þar sem ekki hefur náðst samkomulag um verðið á landspildu þessari krefst bæjarstjórnin þess að það verði metið af tveimur dómkvöddum mönnum, og það jafnframt, að þeir meti lóðina sem kálgarðslóð, en ekki sem byggingarlóð, þar sem lóð þessi var upprunalega útvisuð Hannesi Hanssyni til kálgárðsræktunar. Sem sönnun fyrir þessu sendi jeg hjer með eptirrit úr gjörðabók byggingarnefndar kaupstaðarins frá fundarhaldi 11. april 1890.-

Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst fyrir hönd bæjarstjórnarinnar að fara þess á leit, að þjer, herra bæjarfógeti, útnefnið tvo óvilhalla menn i rjetti til þessa meta greinda lóð á þann hátt, sem hjer að framan er greint.

Jafnframt er þess óskað, að hinum dómkvöddu mönnum verði lagt fyrir að aðvara mig sem formann bæjarstjórnarinnar um hvenær matið fer fram, til þess að bæjarstjórnin geti látið mæta og gæta rjettar sins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. júli 1909

796

Með því að bæjarstjórnin ekki vill ganga að því að kaupa landspildu þá, er hún þarf að fá undir breikkun og lögun Laufásvegar af kálgarðstæði því, er þjer eigið milli húsa Jóns Þórarinssonar og Odds Gislasonar við Laufásveg, fyrir verð það, er þjer hafið gefið lóðarspilduna fala fyrir, en kýs heldur að eignarnám fari fram á landspildu þessari og að hún sje metin til verðs af dómkvöddum mönnum, hef jeg beðið bæjarfógetann að útnefna tvo menn i rjetti til þess að meta til peningaverðs þann hluta kálgarðsstæðis þessa, sem bæjarstjórnin þarf að fá undir breikkun vegarins. Jeg sendi yður hjer með eptirrit af brjefi minu til bæjarfógetans um þetta efni og er i því jafnframt tekið fram, að bæjarstjórnin krefst þess, að lóð þessi verði metin til verðs sem kálgarðslóð en ekki sem byggingarlóð.-

Frú Sophia Thorsteinson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júli 1909



797

Jeg leyfi mjer hjer með að senda hinni háttvirtu stjórnarnefnd styrktarsjóðs Hjálmars kaupmanns Jónssonar tvær umsóknir um styrk úr sjóðnum á þessu ári.Er önnur umsóknin frá ekkjunni Rannveigu Jónsdóttur i Gislholti en hin frá barninu Elinu Guðrúnu V.Jónsdóttur.Jafnframt sendi jeg útdrátt úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar frá fundi hennar 23. f.m.,er sýnir að bæjarstjórnin mælir með styrkbeiðnunum báðum.-

Til Stjórnarnefndar Styrktarsjóðs Hjálmars Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júlí 1909

798

Bæjarstjórnin hefur á fundi 17.f.m. sambykkt að verða við ósk yðar og veita yður á erfðafestu 60.15 faðma landspildu austur af erfðafestulandi yðar norðan Laugavegar, en ekki nær veginum en í 25 faðma fjarlægð frá honum. Land þetta verður yður útmælt af bæjarverkfræðingnum og síðan gefið út erfðafestubrjef fyrir því.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Brynjólfur Jónsson, Brynjólfshúsi við Elliðaárveginn.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. júlí 1909

799

Hjer með tilkynnist yður, herra óðalsbóndi, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17.f.m. samþykkt að veita yður á erfðufestu allt að 4 dagsláttum í mýrinni austan við land Brynjólfs Jónssonar að vestan og Lauganesvegarins að austan, samkvæmt nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins og með þeim skilmálum, er síðar verða tilteknir í sjerstöku erfðafestubrjefi.-

Herra óðalsbóndi Vilhjálmur Bjarnarson , Rauðará.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júli 1909

800

Bæjarstjórnin hefur á fundi 17. f.m. samþykkt að veta yður á erfðafestu þríhyrnu sunnanvert við Erfðafestuland yðar við Sunnuhvol og jafnlangt því uppeptir, að frá-línunni nægilega breiðri spildu undir Sigurlaugarstig, samkvæmt nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins og með skilmálar, er seinna verða nánara tilteknir í sjerstöku erfðafestubrjefi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra kaupmaður Pjetur Hjaltested.-Sunnuhvoli.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júli 1909

801

Eins og jeg munnlega hef skýrt yður frá hefur bæjarstjórnin á fundi 17.f.m. synjað beiðni yðar um að fá á erfðafestu 25000 ferálna spildu úr Vatnsmýrinni.-

Til Yfirmanns Hjálpræðishersins , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8. júlí 1909

802

Bæjarstjórnin hefur á fundi 17.f.m. synjað beiðni yðar um að fá keypta landspildu í Fossvogi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
kaupmaður Páll Bergsson

~~Herra úrsmiður Helgi Hannesson , Reykjavík.~~-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

821

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. júlí 1909

803

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17.f.m. samþykkt að veita yður á erfðafestu landspildu sunnanvert við erfðafestuland yðar í Rauðarárholtinu sunnanverðu að frátekinni rúmu nægilega breiðri undir Sigurlaugarstig, samkvæmt útmælingu bæjarverkfræðingsins og með þeim skilmálum, er nánara verða tilteknir í sjerstöku erfðafestubrjefi.-

Herra Bjarni bónda Magnússon, frá Engey.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8. júlí 1909

804

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17. f.m. synjað beiðni yðar um að fá á erfðafestu c. 10 dagsláttur úr landi Bústaða.-

Herra Runólfur Pjetursson, Hverfisgötu 2,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. júlí '09

805

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur ákveðið að ábyrgjast húsaleigu fyrir Pjetur Sigurðsson, Bjargarstíg 21, 12 kr. á mánuði frá 1. jan. – til 14. maí þ. á. –

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I besiddelse af magistratens ærede skrivelse af 15. april angaaende Kai Christen Niels Christensen har byfogeden efter min anmodning afæsket hans forklaring angaaende de punkter magistraten önsker oplysning om. Byfogedens brev dat. 17. d. M. fremsendes hoslagt og efter dets indhold skal Christensens forældre være gifte i København og forövrigt oplyses at han har en söster i København, der er gift med overretssagförer Klahn, Sölvtorvet Nr. 6 II., der antagelig kan give de fornödne oplysninger.

Paagældendes vielsesattest samt daabsattest for hans ene barn fremsendes hoslagt. Hans andet barn er endnu ikke döbt.

Navnte K. Chr. N. Christensen staar vedblivende uden existensmidler og det har ikke vist sig muligt at skaffe ham varigt arbejde. Han og hans familie har derfor faaet sit underhold af fattigvæsenet og han har nu som hoslagt udskrift udviser henvendt sig til byfogeden og anmodet om at blive sendt til sin försörgelseskommune, København. Jeg forventer ved förste behagelige lejlighed anerkendelse af, at han er försörgelsesberettiget

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hoslagt sendes en regning over den fattig-understöttelse navnte K. Chr. N. Christensen har oppebaaret, stor 120 Kr., som venteS refunderet.

Til

Kobenhavns Magistrats 3die Afdeling

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A 2 60/1909

826

8. juli 1909 806

I besiddelse af fattigkommissionens ærede skrivelse af 23. f. m. undlader Reykjavik fattigkommission ikke herved at anerkende, at typograf Hafliði Bjarnasons enke, Anna Marie f. Nielsen er forsörgelsesberettiget i Reykjavik og vil den hende ydede fattighjælp blive refunderet efter fremsendt lovlig regning. –

1 daabs og 1 vielsesattest vedlegges. –

Til
Frederiksberg Fattigkommission. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Soz*

9. júlí 1909.

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur tekið að sjer að greiða fyrst um sinn húsaleiguna fyrir Ástríði Sigurðardóttur í húsi Ólafs Th. Guðmundssonar, 9 kr. á mánuði, en nefndin áskilur sjer að segja upp ábyrgðinni eða húsinu hvenær sem er með mánaðar fyrirvara.- Húsaleigan verður greidd bankanum hvort sem vill fyrir mánuð hvern í einu eða ársfjórðung hvern.-

Ávísun Ólafs Th. Guðmundssonar til bankans fyrir húsaleigunni endursendist hjer með.-

Til Íslandsbanka.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

828

808

9. júli 9

Stúlka Guðbjörg Brandsdóttir að nafni, Hverfisgötu 29, hefur samkvæmt læknisskipun verið lögð á sjúkrahús hjer i bænum, og hefur fátækranefndin orðið að taka ábyrgð á legu- og lækniskostnaði hennar. Stúlka þessi er samkvæmt meðfylgjandi æfiferilskýrslu hennar sveitlæg i Biskupstúngnahreppi og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfesti hennar. Reikningur yfir legukostnaðinn verður sendur siðar.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09.

809.

Hjer með tilkynnist yður, herra bruna-
málastjóri, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi
sínum í gær, brunabótavirðingar á eftir-
greindum húseignum:
Jónasar Guðmundssonar, Grettisg. 22 B á kr. 4314.00
(heyhús) Magnúsar Vigfússonar, Kirkjubóli " 950.00

S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

830

810

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

83I

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

811

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra tómthúsmaður að reisa hús fyrir fjós og hey á lóð yðar Litlabæ á Grímstaðaholti. Stærð 9°×6° al. járnvarið.–

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
tómthúsmaður Halldór Jónsson
Litlabæ á Grímstaðaholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

832

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

813

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra skósmiður, að gera einlopta portbyggt íbúðarhús á háum kjallara á lóðinni Hverfisgötu 26 með eldvarnargafli í annan enda. Einnig er yður leyft að flytja glugga af austurgafli á suðurhlið á gamla húsinu. Stærð nýja hússins er 12½° × 12° og skúr 3⅓° × 4¼°.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð.

Herra
skósmiður Björn Jónsson, Hverfisg. 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

812

Bæjarstjórnin hefur leyft yður og Helga Helgasyni að reisa bráðabirgða járnsmiðju 6°x 6° á baklóð rykkav. Hverfisgötu 6.-
Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
Helgi Helgason og Einar Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

834

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

814

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður að gera tvo skúra norðan við hús sitt, annan áfastan húsinu, hinn áfastan á tveimur skúr, báða á lóðarmörkunum og á annar skúrinn að vera 5° x 10° og hinn 5° x 11°. Skúrarnir standa að lóðarmörkum við Fjólugötu og Barónsstíg og mega vera án eldvarnarveggja gegn því skilyrði, að þeir skuli niður rifnir þegar krafist verður.

Þetta tilkynnist hjer með.–

Herra
póstur Hans Hannesson, Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. júlí '09

835

815

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra tímstjóri að reisa íbúðarhús 14.00 × 10.25 m = 22°7" × 16°8", með útskotum tveimur, annat er 6.25 m. × 1.5 m = 9°23" × 2°9" og hitt 5.00 m × 1.5 m = 7°23" × 2° × 9". Húsið á að standa í krikanum milli Þingholtsstr. og Skálholtsstígs.

En hinsvegar frestaði bæjarstjórnin að taka ákvörðun um kaup á lóð til breikkunar Skálholtsstíg, er þjer viljið selja bænum.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
12. júlí '09

816

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur tekið ábyrgð á legukostnaði stúlkunnar Steinunnar Guðmundsdóttur, Grettisgötu 56 á Franskaspítalanum, og eru það því tilmæli mín að þjer, herra bæjarfógeti, vilduð taka æfiferilskýrslu nefndrar stúlku við fyrsta tækifæri og senda mjer. –

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. júlí 09

837

817

Jeg leyfi mjer hjermeð að senda hinu háa stjórnarráði eptirrit það, er fylgja átti með brjefi mínu dags. 3. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

838

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. júlí '09

818

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja yður, herra bæjarfógeti, að láta taka sem fyrst æfiferilsskýrslu Sigurbjargar Guðmundsdóttur til heimilis á Klapparstíg 1. og hefur fátækranefndin gengið í ábyrgð fyrir legukostnaði hennar.

Til
Bæjarfógetans í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12. júli 1909



Í heiðruðu brjefi dags. 10.þ.m.,er mjer barzt i dag,hafið þjer,herra bæjarfulltrúi, ásamt þremur öðrum bæjarfulltrúum æskt þess að fá eptirrit af umboði því, sem verkfræðingi Th.Krabbe hafi verið veitt,til þess fyrir bæjarins hönd að gjöra samning um byggingu gasstöðvar.-

Í tilefni af þessu er yður hjer með tjáð,að nefndur herra verkfræðingur Th.Krabbe hefur ekki fengið annað umboð til þess fyrir hönd bæjarins að gjöra samning um byggingu gasstöðvar en það,er felzt felst i fundarályktun bæjarstjórnarinnar frá fundi hennar 4. febr. þ.á.,þar sem hann er kosinn sem dómari bæjarstjórnarinnar samkvæmt 1. gr. i hinum upprunalega samningi við firma Carl Francke um byggingu gasstöðvar,en i 1. gr. samnings þessa er verksvið Krabbe sem dómara ákveðið þannig,að hann skuli dæma um "Planer,Tegninger og Overslag,der i en senere oprettet oprettet Bygningskontrakt nærmere udredes og fastsættes". Annað umboð en það er getur um i þessum skjölum hefur verkfræðingur Th.Krabbe ekki fengið,en hinsvegar er til skrifleg yfirlýsing frá hans hálfu um að hann taki að sjer dómarastarf þetta,þar sem jafnframt eru ákveðin laun þau,er hann á að fá fyrir starfa sinn,og verður sú yfirlýsing sýnd yður og meðundirritendum nefnds brjefs ykkar hjer á skrifstofunni,ef þess verður óskað.-

Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna þeim,er ritað hafa undir framangreint brjef ásamt yður.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909

821

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær, synjað yður um leyfi til að byggja skúr eldfæralausan á lóð yðar við Austurstræti vegna þess að ekki fæst breiðari gangur en 2'4" að lóðinni.–

Þetta leyfist jeg mjer að tilkynna yður hjermeð.–

Herra
Ásgrímur E. Þórðarson Austurstræti 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16 júlí 1909

822

Bæjarstjórn og bygginganefnd hafa leyft yður, herra adjunkt, að lengja skúr við íbúðarhúsið á Meistaravelli um 42 ferml. samkvæmt því er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 8. þ. m.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
adjunkt Pálmi Pálsson, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur.
16. júlí '09

823

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær lagt úrskurð á útsvarskæru yðar þannig, að útsvar yðar skuli sett niður í 8 krónur. –
Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Til
Guðrúnar Jónsdóttur, Laugaveg 27.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16 júlí '09

824

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær ákveðið, að útsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða þetta ár, skuli falla burt.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
Sigurður Sigurðsson, Hverfisgötu 20
frá Minna-Knararnesi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909

825

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær úrskurðað, að útsvar það er yður hefur verið gjört að greiða fyrir þetta ár skuli standa óbreytt.

Þetta tilkynnist yður, herra verzlunarmaður, hjer með.

Herra
verzlunarmaður Þórður Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909

846

826.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lagður úrskurður á útsvarskæru yðar, háæruverðugi herra biskup, þannig að útsvar yðar fyrir yfirstandandi ár, skuli fært niður í 290 krónur, en útsvör samanburðarmanna yðar standi óbreytt.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háæruverðugi herra biskup, hjermeð. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

847

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí '09

827

Bæjarstjórnin ákvað á fundi sínum í gær, að taka ekki tilboði yðar, herra landsímastjóri, um kaup á lóðarræmu til breikkunar Skálholtsstíg fyrir kr. 1.59 hverja feralin. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra landsímastjóri, hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909

848

828

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðinguna á húseign Halldórs Jónssonar, Litlabæ á Grímstaðaholti, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí '09

849

829

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var samþykkt brunabótavirðing á húseign Halldórs Jónssonar, Litlabæ á Grímstaðaholti á Kr. 648.00.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí '09

830

Á fundi sínum í gær lagði bæjarstjórnin úrskurð á eftirgreindar útsvarskærur, þannig
að útsvar fyrv. biskups Hallgríms Sveinssonar skyldi fyrir yfirstandandi ár sett niður í 290 kr.
að útsvar Þórðar Thorsteinsson skuli standa óbreytt
að útsvar Guðrúnar Jónsdóttur, Laugaveg 27 skuli sett niður í 8 krónur og
að útsvar Sigurðar Sigurðssonar frá Minna-Knarrarnesi skuli falla burt.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909

820

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður, herra trjesmiður, leyft að reisa einlopta íbúðarhús 10° x 10° + skúra tveir 5° x 10° og 3½ x 6° við Lindargötu milli nr. 8 og 10 og stendur forstofan fast að stíg 5° breiðum upp að bakhúsi: er byggingarleyfi bundið því skilyrði, að stígurinn haldist áfram sem hluti húslóðarinnar. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra trjesmiður, hjer með. –

Herra
trjesmiður Bjarni Jónsson, Laugaveg 30

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

852

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. júlí 09

131

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri kr. 118.33 – eitt hundrað og átján krónur 33 aura sem er endurgjald frá hreppsnefnd Ytra-Akraneshrepps á 2/3 hlutum af styrk til Bjarna Sigurðssonar, Laugaveg 35. –

Fyrir þessum 118 kr. 33 a. vænti jeg kvittunar við fyrsta tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17 júlí 1909

833

Hjer með tilkynnist yður, herra banka-
ritari, að á fundi bæjarstjórnarinnar 15.
þ.m. var útsvarskæra yðar ekki tekin
til greina með því að hún var ofseint
framkomin.

Herra
bankaritari Guðm. Loftsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. júlí 1909

833

Hjer með tilkynnist yður, herra bankaritari, að kæra þeirri, er þjer hafið sent bæjarstjórninni út af útsvörum ýmsra manna við síðustu niðurjöfnun var frávísað sem of seint framkominni.-

Herra
bankaritari Pjetur Zophoníasson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. júlí 1909



Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær lagt úrskurð á eptirgreindar útsvarskærur:

að útsvar fyrv. biskups Hallgríms Sveinssonar skyldi fyrir yfirstandandi ár sett niður í 290 kr.

að útsvar Þórðar Thorsteinsson skyldi standa óbreytt.

að útsvar Guðrúnar Jónsdóttur, Laugaveg 27 skuli sett niður í 8 krónur og

að útsvar Sigurðar Sigurðssonar frá Minna-Knarrarnesi skuli falla burt.

En að öðru leyti voru ekki aðrar útsvarskærur teknar til greina. –

Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. júlí 1909

835

Bæjarstjórnin kaus yður, herra landritari, ásamt Jóni Jenssyni yfirdómara og Kristjáni Jónssyni háyfirdómara til að semja frumvarp til nýrra fundarskapa fyrir bæjarstjórnina.

Herra
landritari Klemens Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. júlí '09

836

Bæjarstjórnin kaus yður, herra háyfirdómari, ásamt landritara Klemens Jónssyni og yfirdómara Jóni Jenssyni til að semja frumvarp til nýrra fundarskapa fyrir bæjarstjórnina. –

Herra
háyfirdómari Kristján Jónsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. júlí 1909.

837.

Bæjarstjórnin kaus yður, herra yfirdómari, ásamt landritara Klemens Jónssyni og hæstfirdómara Kristjáni Jónssyni til að semja frumvarp til nýrra fundarskapa fyrir bæjarstjórnina. –

Herra
yfirdómari Jón Jensson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. júli 1909

838

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 12. þ.m. sent bæjarstjórninni til umsagnar brjef frakkneska vice-konsúlsins hjer i bænum, dags. 30.f.m., þar sem hann kvartar yfir þvi, að óþrifnaður sje mikill kringum frakkneska sjúkrahúsið við Lindargötu, en bæjarstjórnin hefur á fundi 15.þ.m. falið heilbrigðisnefndinni að svara brjefi þessu.-

Jeg sendi þvi heilbrigðisnefndinni þetta brjef frakkneska vice-konsúlsins til þess að hún láti uppi til stjórnarráðsins umsögn sina um það.-

Til heilbrigðisnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. júli 1909



839

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 12.þ.m. sent bæjarstjórninni til umsagnar erindi frá frakkneska vicekonsúlnum dags. 30.f.m., þar sem hann kvartar yfir því að sýkingarhætta stafi af slátrunarhúsinu við Lindargötu fyrir frakkneska sjúkrahúsið, sem þar stendur nálægt, en bæjarstjórnin hefur á fundi 15. þ.m. falið heilbrigðisnefndinni að svara brjefi þessu.-

Jeg sendi því heilbrigðisnefndinni þetta brjef frakkneska konsúlsins, til þess að hún svari því eins og við á.

Til Heilbrigðisnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

861

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. júlí 1909

840

Hjer með tilkynnist yður, herra skólakennari, sem formanni Skógræktarfjelags Reykjavíkur, að bæjarstjórnin hefur veitt fjelaginu 200 króna styrk úr bæjarsjóði á yfirstandandi ári, og verður upphæð þessi ávísuð yður, er þess verður óskað.-

Skrýrsla skógfræðings Kofoed-Hansen, sú er fylgði brjefi yðar endursendist hjer með.

Herra skólakennari Bjarni Sæmundsson, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. júlí 1909

841

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin hefur veitt skógræktarfjelagi Reykjavikur 200 króna styrk úr bæjarsjóði á yfirstandandi ári, og ber að greiða fjelaginu upphæð þessa eptir sjerstakri ávisun minni.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. júli 1909

842

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var tekið til meðferðar erindi Siggeirs kaupmanns Torfasonar um að honum yrði veitt slátrunarlefyi á hausti komandi, er heilbrigðisnefndin hafði mælt með, en bæjarstjórnin áleit, að hún því að eins gæti veitt honum leyfi þetta að hann hefði slátrunarhús, er fullnægði að öllu leyti ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til Heilbrigðisnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. júli 1909

843

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var tekið fyrir erindi yðar frá 25.f.m. um að yður verði veitt slátrunarleyfi á hausti komandi,og svarar bæjarstjórnin því á þá leið,að hún vegna ákvæða heilbrigðissamþykktarinnar ekki geti veitt yður leyfi þetta,nema því að eins,að þjer hafið slátrunarhús,er fullnægi að öllu leyti ákvæðum heilbrigðissamþykktarinnar.Ef þjer fullnægið þessu skilyrði verður yður að sjálfsögðu veitt slátrunarleyfið.-

Herra kaupmaður Siggeir Torfason , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. júli 1909

844

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háæruverðugi herra biskup, að á siðasta bæjarstjórnarfundi var lögð fram virðingargjörð sú, er dómkvaddir menn hafa gjört á landspildu þeirri, er þjer óskið að fá breytt i byggingarlóð umhverfis hús yðar úr erfðafestulandi yðar, og bæjarstjórninni þótti ekki ástæða til að krefast yfirmatsgjörðar og ber þvi að lita svo á, að matið sje endanlegt.-

Jeg óska að fá skýrslu yðar um hve margar ferálnir þjer breytið i byggingarlóð, til þess að gjald það, er þjer greiðið i bæjarsjóðinn verði ákveðið nákvæmlega.-

Háæruverugi herra biskup Þórhallur Bjarnarson.

Laufási.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

866

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. júlí 1909

845

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að yður hefur verið veittur styrkur úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar að upphæð 50 - fimmtíu krónur, og mun yður verða greidd nefnd upphæð, er þjer vitjið hennar hingað á skrifstofuna. —

Til
ekkjunnar Rannveigar Jónsdóttur,
Gíslaholti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. júlí 1909

846

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með, 110 - eitt hundrað og tíu krónur -, sem er endurgjald frá Kaupmannahöfn á styrk veittum Knud Jensen Nýlendug. 19 til 14. maí þ.á. -

Fyrir þessum kr. 110.00 -, vænti jeg kvittunar við fyrsta tækifæri. -

Til

Bæjargjaldkerans í Reykjavík. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. júli 1909

845

Á fundi 15.þ.m. tilkynnti jeg bæjarstjórninni brjef yðar, herra bankaritari, dags. 9.þ.m., þar sem þjer mótmælið því að lóð sú, er bæjarstjórnin vill fá tekna eignarnámi undir breikkun Laufásvegar af landi móður yðar þar, verði metin til verðs sem kálgarðslóð, eins og bæjarstjórnin áður hafði ákveðið, en bæjarstjórninni þótti ekki ástæða til að sinna mótmælum þessum og breyta ákvörðun þeirri, er hún hafði gjört um mat lóðarinnar á fundi 23. f.m. og áður hefur verið tilkynnt yður.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra bankaritari Hannes Thorsteinson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 846

21. júli 1909

Jeg sendi yður hjer með, herra bæjarfulltrúi, útnefningu bæjarfógetans á tveimur mönnum til að meta til peningaverðs kálgarðslóð þá, er bærinn hefur ákveðið að taka eignarnámi af frú Sophiu Thorsteinson til breikkunar Laufásvegi. Samkvæmt umtali mætið þjer fyrir hönd bæjarins við virðingargjörðina og komið yður saman við virðingarmennina um hvenær gjörðin skuli fara fram. Það mun einnig rjettara að aðvar landeiganda um hvenær gjörðin fer fram, svo að hann fái tækifæri til að gæta rjettar sins við hana.-

Jeg sendi yður einnig brjef landeiganda dags. 9.þ.m., þar sem hann mótmælir því að gjörðin fari fram á grundvelli þeim, sem bæjarstjórnin hefur krafizt að virðingin verði byggð á. En brjef þetta óska jeg að fá endursent að lokinni gjörðinni.-

Herra bæjarfulltrúi Kristján Þorgrimsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

847

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. júli 1909

Þann 21. f.m. ól stúlka að nafni Solveig Anike Emilie Bertelsen, sem er heyrnar- og mállaus barn og hefur hún fyrir prestinum og ljósmóðurinni lýst bankaskrifara A.Bajer hjer i bænum föður að barninu, en hann vill að sögn ekki kannast við faðernið. Stúlkan og barnið hefur verið sagt til sveitar, og leyfi jeg mjer að krefjast þess, að mál verði höfðað gegn nefndum bankaritara og hann skyldaður til að gefa árlega fúlgu með því. Þar sem móðir barnsins er heyrar- og mállaus er þess óskað að rjetturinn skipi henni talsmann undir rekstri málsin og leyfi jeg að benda á herra bæjarfulltrúa Kristján Þorgrimsson sem vel fallinn mann til þess að gæta hags stúlkunnar.-

Jeg skal taka fram, að jeg hef heyrt að nefndur A. Bajer muni bráðlega fara alfarinn burt úr bænum og er þess því óskað, að ekki verði dregið að höfða málið.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. júlí 9 848

Fátækranefndin hefir samþykt að meðlag með Guðrúnu Sigurðardóttur frá Guðnabæ, sem komið hefir verið fyrir hjá Guðjóni Guðmundssyni, Bergstaðastr. 23, skyldi vera 15 kr. á mánuði frá 14. maí s.l.

Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð.

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. júlí 9 849

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 43 - fjörutíu og þrjár krónur, sem er endurgjald frá Klang Jónssyni á styrk veittum föður hans, Jóni Þorfasyni, þann 6. og 11. maí þ. á.
Kvittun óskast. -

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Ingeniör H. A. Hansen.

Da jeg og ingeniör K. Zimsen i forgaars paa vandværksudvalgets vegne kom for at tilse arbejdet ved vandværksanlægget paa strækningen ovenfor Laxelven, og særlig for at undersöge om en indsendt klage over, at arbejdet ikke blev kontraktmæssigt udfört, var begrundet, mödte De i stærkt beruset tilstand paa arbejdspladsen i arbejdstiden og overfaldt os og vandværksudvalget med grove skældsord og injurier, ligesom de om byraadet brugte ganske ubeföjede og ærerörige udtalelser, samt modsatte dem at vi foretog et eftersyn og udförte den undersögelse vi efter vandværksudvalgets særlige önske skulde foretage en undersögelse, der förte til det resultat, at et af dem antaget arbejde viste sig ikke at være kontraktmæssigt udfört af entreprenören.

Dette er blevet meddelt vandværksudvalget i et möde igaaraftes og udvalget har der besluttet at opfordre dem til inden 24 timer efter modtagelsen af dette brev at göre en undskyldning for denne deres opförsel.

I tilfalde af at udvalget ikke inden nævnte fristsudlöb har modtaget fra dem en efter dets skjön acceptabel undskyldning og ikke erholder en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fremtidig udförer deres hverv tilfreds-
stillende, vil udvalget - ogsaa med deres
tidligere opförsel in mente - indstille
til byraadet, at de bliver öjeblikkelig
afskediget fra deres stilling som vandværks-
anlæggets ledende og tilsynsförende
ingeniör.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. júli 9

83 857

Jeg hefi í dag meðtekið brjef yðar, herra járnsmiður, dags. 17. þ.m., ásamt 100 – eitt hundrað krónum, til framfæris föður yðar, Jóni Þorfasyni.

Fyrir þessum 100 kr. kvittast hjer með, og verður af hálfu fátækrastjórnarinnar hjer sjeð um, að þeim verði varið til framfæris föður yðar.–

Herra
járnsmiður Hlangur Jónsson, Bíldudal.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

876

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
24. júlí 1909

853

Hjermeð leyfi jeg mér að senda ~~ykkur~~ yður, herra málfærslumaður og Jóni Hermannssyni skrifstofustjóra, sem kjörnir hafa verið endurskoðendur bæjarreikninga um næstu 6 ár, bæjarreikning 1908 til endurskoðunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. júlí 1909



853.

Jeg leyfi mjer að senda hinu háa stjórnarráði hjer með eptirrit af reikningi yfir tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1908. –

Til
Stjórnarráðs Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. júlí 1909

Með hæstvirtu brjefi dags. 6. þ. m. hefur hið háa stjórnarráð sent bæjarstjórninni til umsagnar brjef frakkneska vice-konsúlsins hjer í bænum, hr. Brillouin, dags. 29. f. m., þar sem hann fer þess á leit, að stjórnarráðið leyfi honum að halda áfram byggingu íbúðarhúss þess, sem hann er að byggja á svonefndu Fjelagstúni hjer í bænum án þess að fara í lag ýmislegt húsbyggingunni viðvíkjandi, er byggingarnefndin hefur krafist til þess að fá fullnægt ákvæðum byggingarsamþykktarinnar. Bæjarstjórnin hefur á fundi 15. þ. m. falið byggingarnefndinni að láta uppi umsögnina fyrir sína hönd, og sem formaður byggingarnefndar leyfi jeg mjer að gjöra það fyrir hennar hönd á þessa leið:

Byggingarnefndin veitti herra konsúl Brillouin leyfið til að reisa hið umrædda íbúðarhús á Fjelagstúni þ. 24. apríl þ. á., eins og meðfylgjandi eptirrit úr byggingarnefndarbókinni ber með sjer. Þegar leyfið var veitt lá að eins fyrir byggingarnefndinni teikning af húsinu en nefndinni var ókunnugt um innihald samnings þess, er herra konsúll Brillouin hafði gjört við Strömmens Fabrik um byggingu hússins. Þegar farið var að byggja húsið [illegible] sinn og þá varð fyrirkomulag í bága við ákvæði byggingarsamþykktarinnar

en galla þessa var þó ekki hægt að sjá af teikningunni, sem fyrir byggingarnefnd inni lá. Byggingarfulltrúinn, sem hefur eptirlit með byggingu þessa húss eins og allra annara húsa, sem byggð eru í bænum, og á að sjá um, að ákvæðum byggingarsamþykktarinnar sje fylgt, átaldi þetta, og sagði fyrir hvað lagfæra þyrfti, til þess að ákvæðum byggingarsam-þykktarinnar væri fullnægt, og er sumdur-inn, að sögn, eptir fyrirlagi herra konsúls Brilloins ekki skeytti þessu, setti hann fram athugasemdir sínar í brjefi 26. f.m. og má af því brjefi sjá hvað það er, sem milli ber, en eptirrit, af brjefi þessu hefur herra konsúll Brilloin sent stjórnarráðinu. –

Mjer er það mjög óljúft að nokkur deila skuli vera milli byggingarnefndarinnar annarsvegar og herra konsúls Brilloins hinsvegar og því heimsótti jeg hann persónulega og bauð honum mína milligöngu til þess að fá ágreiningnum jafnaðan og benti honum jafnframt á, að hægt væri að fá samkvæmt sjerstakri umsókn undan-þágur frá sjerstökum ákvæðum byggingar-samþykktarinnar. En hann svaraði því á þá leið, að hann óskaði deilu(„jeg ónsker konflikt“). Það var því enginn annar vegur opinn fyrir mjer en að kæra fyrir bæjarfógeta annum umrætt brot á byggingarlögunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarins og ~~beiðast~~ þess, að banni yrði lagt fyrir að smíðinni yrði haldið áfram, nema kröfum byggingarnefndarinnar um lagfæringuna yrði fullnægt. Þetta gjörði jeg í brjefi dags. 28. f.m., er hjer með fylgir eptirrit af.

Bæjarfógetinn hefir þó ennþá ekki haft neinn afskipti af máli þessu, því jafnsnemma og brjefið var sent honum kom yfirsmiður hússins til mín og lýsti því yfir, að hann vildi fullnægja kröfum þeim, er byggingarfulltrúinn hafði sett fram í áðurgreindu brjefi og lagfæra það, er þyrfti til þess og var það jafnharðan tilkynnt bæjarfógeta.

En nú lítur svo út, sem herra konsúll Brillouin setji sig á móti að svo sje gjört, en byggingarnefndin heldur því að sjálfsögðu fram, að byggingarlögum bæjarins verði að hlýða og fara að öllu leyti eptir þeim, einnig við byggingu þessa húss, sem hvers annars húss í bænum.

Loks leyfi jeg mjer að geta þess, að herra konsúll Brillouin byggir umrætt hús á Fjelagstúni, sem forstjóri frakkneska spítalafjelagsins í Dunkerque og hefir keypt lóðina undir húsið, sem slíkur, en hitt hefir ekki verið tilkynnt byggingarnefndinni, að húsið sje eða eigi að verða frönsk konsúlatsbygging

880

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. júli 1909

881

855

Í lögum um vatnsveitu fyrir Reykjavik frá 22. nóv. 1907 er svo ákveðið, að landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður að vatnsveitan skuli vera, sjeu skyldir til að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, og að þola þær eignarkvaðir óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, allt gegn því að fullt endurgjald komi fyrir og í lögunum er svo jafnframt ákveðið, að ef ekki verði samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið, þá skuli það metið af þriggja manna nefnd, er sje þannig skipuð, að bæjarstjórnin tilnefni einn nefndarmanninn, landeigandi einn og stjórnarráðið hinn þriðja.-

Með því nú að samkomulag hefur ekki náðst um endurgjaldið fyrir landspjöll þau, er verða á jörðunum, sem land eiga þar sem vatnsveitan liggur frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum, hefur bæjarstjórnin á síðasta fundi útnefnt yður, herra kaupmaður, til þess að taka sæti í matsnefnd þessari.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta er þess hjer með farið á leit, að þjer takið að yður starfa þennan.-

Herra kaupmaður Björn Guðmundsson í Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. júlí 1909

856

Í lögum um vatnsveitu fyrir Reykjavík frá 22. nóv. 1907 er svo ákveðið, að landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður að vatnsveitan skuli vera, sjeu skyldir til að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því og að þola þær eignarkvaðir óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, allt gegn því að fullt endurgjald komi fyrir og er svo jafnframt ákveðið, að ef ekki verði samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið skuli það metið af þriggja manna nefnd, er sje þannig skipuð, að bæjarstjórnin tilenfni einn nefndarmanninn, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja.-

Með því nú að samkomulag um endurgjald fyrir landspjöll þau, er verða á jörðunum, sem land eiga þar sem vatnsveitan liggur frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum, hefur ekki náðst, hefur bæjarstjórnin tilnefnt Björn kaupmann Guðmundsson af sinni hálfu í matsnefndina.-

Jafnframt því að tilkynna þetta eru það virðingarfyllst tilmæli mín, að stjórnarráðinu vildi þóknast að tilnefna annan mann í matsnefndina.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. júlí 1909

857

Með því að samkomulag hefur ekki náðst um endurgjald fyrir landspjöll þau,er verða á jörðunum,er land eiga frá frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum,af lagningu vatnsveitunnar á því svæði verður það að metast af nefnd,er skipuð sje samkvæmt 1. gr. í lögum 22. nóv. 1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavik. Bæjarstjórn Reykjavikur hefur tilnefnt af sinni hálfu Björn kaupmann Guðmundsson í nefnd þessa,og jeg hef nú samstundis skrifað stjórnarráðinu og farið þess á leit,að það tilnefni annan mann í nefnd þessa.-

Jafnframt því að tilkynna þetta,er þess hjer með óskað, að jarðeigendur á ofangreindu svæði frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum tilnefni hið fyrsta af sinni hálfu mann í nefndina.-

Þetta eruð þjer,herra óðalsbóndi beðinn að tilkynna eigendum jarða þeirra,er land eiga á ofangreindu svæði.-

Herra óðalsbóndi Páll Stefánsson ,Elliðavatni.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 

26. júlí 1909

558

Á síðasta bæjarstjórnarfundi flutti einn bæjarfulltrúanna tillögur um breytingu og viðbót við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar um mjólkursölu, og ákvað bæjarstjórnin að vísa erindi þessu til umsagnar heilbrigðisnefndarinnar.-

Jeg sendi því heilbrigðisnefndinni tillögur þessar og óska, að hún láti bæjarstjórninni í tje umsögn sína um þær við fyrsta tækifæri.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. júlí 1909

859

Eins og jeg munnlega skýrði yður frá 23.þ.m. krefst vatnsveitunefndin þess af yður, að þjer rekið tafarlaust verkstjóra yðar, Einar Teitsson, burt úr vinnunni og vísið honum burt af vinnusvæðinum. Er þessa krafizt af því að nefndur Einar Teitsson hefur að ósekju ráðist á og barið til skemmda á vinnusvæðinu mann, er var þar staddur að tilhlutun vatnsveitunefndarinnar. Verði þessari kröfu ekki fullnægt verður það skoðað sem samningsrof af yðar hálfu.-

Herra entreprenör O.V.Kjögx , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. júlí 1909

860

Við rannsókn þá,er tveir úr vatnsveitunefndinni nýlega framkvæmdu,kom það í ljós,að ofanímokstur í vatnsveituskurðinn næst fyrir ofan Elliðaárnar var ekki gjörður samkvæmt samningi yðar,að því leyti,sem stórir steinar höfðu verið látnir ofan í skurðinn til fyllingar og ekki fylltar holurnar milli þeirri með lausri ífyllri,eins og áskilið er í samningunum.Út af þessu hefur vatnsveitunefndin falið mjer að skrifa yður,að hún geymir sjer rjett sinn gagnvart yður,til þess að fá þetta lagfært og gjört samningi samkvæmt,eins og hún líka krefst þess,að ofanímokstri í skurðinn,sem og öllu verkinu að öðru leyti verði framvegis hagað nákvæmlega samningnum samkvæmt.-

Herra entreprenör O.V.Kjögx , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefnda
Byggingarnefnd Reykjavíkur
Reykjavík 27 júlí 09

Herra konsúll J. Brillouin

Hið háa stjórnarráð hefur sent byggingarnefndinni heiðrað brjef yðar 16. þ.m., er í brjefi þessu látið þjer það í ljósi, að þjer álitið yður ekki þurfa leyfi byggingarnefndarinnar til þess að byggja hesthús við hús það, sem þjer erut að byggja hjer í bænum, enda sje hesthús þetta bráðabyrgðarbygging, er byggt sje á hreifanlegum stólpum og hægt sje að flytja og taka í sundur eptir vild.

Í tilefni af þessu leyfir byggingarnefndin sjer að benda yður á, að samkvæmt skýlausum ákvæðum 5. gr. byggingarsamþykktar bæjarins, má enginn byrja að byggja neinar byggingar í bænum, heldur ekki bráðabyrgðarbyggingar, hvorki íbúðarhús nje peningshús, nema hann áður hafi sótt um og fengit leyfi byggingarnefndarinnar til þess. Ef þjer, herra konsúll, viljið byggja hesthús í bænum, verðið þjer því að sækja um leyfi byggingarnefndarinnar til þess, og mjer er ánægja að geta fullvissað yður um, að byggingarnefndin mun fúslega veita leyfið, ef umsókn kemur, og húsið fullnægir kröfum þeim, er byggingarsamþykktin Ⅎ

Ⅎ gjörir til slíkra húsa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27 júlí 1909. 888

862

Með hæstvirtu brjefi dags. 19. þ.m. hefur hið háa stjórnarráð, sent mjer brjef franska konsúlsins hjer í bænum til byggingarnefndarinnar, dags. 16. þ.m. viðvíkjandi hesthúsbyggingu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda svar byggingarnefndarinnar upp á brjef þetta með tilmælum um, að stjórnarráðinu vildi þóknast að senda herra konsúlnum það.-

Brjef konsúlsins ásamt þýðingu stjórnarráðsins sendist einnig hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik
27. júlí '09

889

863

Herved meddeles dem, at vandværks-udvalget har akkvisceret ved den und-skyldning De har gjört i deres brev af 24. d. m., men idet udvalget gör dette gaar det ud fra og forlanger, at De förer nöje tilsyn med det resterende arbejde ovenfor Laxeelven, og paaser at dette bliver udfört i et og alt kontraktmæssigt, samt at mangler i det allerede udförte arbejde bliver rettede.

Forsaavidt De i nævnte brev beklager dem over at være bleven fortrædiget paa de i brevet angivne maader maa jeg bestemt hævde at denne paastand er uberettiget. Hvad særlig deres gagerings-spörgsmaal angaar, da er dette af vandværksudvalget afgjort saaledes, at de faar den gage som blev dem tilbudt allerede i Desembermaaned f. A. og des-uden 4 kr. i dagpenge for hver dag De har tilbragt og tilbringer ovenfor Laxeelven ved udförelsen af arbejdet der, dette forudsat, at intet ydderligere lönnings-krav fremkommer fra deres side. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. júlí '09





Hr. Ingeniör H. A. Hansen.

I overensstemmelse med vandværks-udvalgets beslutning i et möde 13. d. m. opfordres De herved til at sörge for at Dhrr. O. V. Hjört og G. Lössl ufortövet fuldförer det akkordsarbejde disse har paataget sig ved gröftegravning og tilfyldning paa strækningen fra Laxelven til Rauðarár-holt. Som bekendt har de endnu ikke lavet gröftens overflade kontraktmæssig istand. Rörene ligger udækkede paa to steder langs med Laxelven, der mangler aflöbs-gröfter for overfladevandet, gröftens over-flade er ikke bleven dækket med græstörv, hvor entreprenörerne skulde göre dette o. s. v. Alt dette maa ufortövet göres i stand, og naar dette er udfört, önsker udvalget at faa fra dem en erklæring om, at arbejdet er kontraktmæssigt udfört.

Endvidere maa byen paa de strækninger hvor gröften gaar gennem et ikke græsbe-voxet terræn, lade denne tildække med græstörv eller sten for at bevare overfladen uskadt. Dette önsker udvalget at faa gjort hurtigst muligt, og venter at De faa dette besörget —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavík
27. júlí '09



865

Hr. Ingeniör H. A. Hansen.

De bestilte Mannesmanrör fra Ahlmann og Olsen, erankomne hertil med s/s. Ceres. De anmodes om at se efter om rörene er i overensstemmelse med bestillingen, ligesom jeg önsker deres paategning paa fakturaen för end betalingen afsendes.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

28. júlí 1909

Vatnsveitunefndin hefur tekið til meðferðar erindi yðar, dags. 23. f.m., þar sem þjer farið þess á leit, að fá uppbót á akkorðsvinnu þeirri, er þjer unnuð fyrir bæinn næstliðinn vetur að greptri í bænum fyrir vatnsveiturörunum. En nefndin sá sjer ekki til neins að leggja beiðni þessa fyrir bæjarstjórnina, þar sem fylgiskjöl þau, er henni fylgðu voru allsendis ófullnægjandi. Til þess að nokkur möguleleiki sje til að fá slíkri beiðni sinnt verðið þjer að senda sundurliðaðan og áreiðanlegan reikning með tilheyrandi fylgiskjölum yfir hvað vinnan öll hafi kostað yður. En enginn slíkur reikningur fylgði nefndri beiðni yðar, heldur að eins reikningur yfir ýmsar upphæðir, er þjer tjáizt skulda öðrum mönnum, og sem ekki er einu sinni hægt að sjá að stafi nema að nokkru leyti af akkorðsvinnu yðar fyrir bæinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta vænti jeg viðtals við yður um þetta við tækifæri.-

Herra verkstjóri Jónas Þorsteinsson, Grettisgötu 19.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. júli 1909

Á fundi 21. júli 1908 leyfði byggingarnefndin Páli Lárussyni trjesmið að reisa hús suðvestan við Skólavörðustig á 450 ferálna lóð, er hann keypti af Mattiasi kaupmanni Mattiassyni, og hafði Mattias kaupmaður fengið leyfi til að afhenda þessa lóð sem byggingarlóð því að eins, að hún hefði þessa stærð og lögun þá, er byggingarnefndin hafði ákveðið. En nú hefur það komið í ljós, að nefndur kaupmaður hefur skipt ólóinni öðruvisi en byggingarnefndin hafði ákveðið, og fyrir því hefur byggingarnefndin á fundi 10. þ.m. ákveðið að kæraHann fyrir þessa ólöglegu sundurskiptingu lóðarinnar.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, og fara þess á leit, að þjer komið fram ábyrgð á hendur nefndum Mattiasi kaupmanni Mattiassyni fyrir þetta, og mun bæjarverkfræðingurinn gefa í rjettinum skýrslu um brotið og færa rök fyrir sekt hins kærða.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

28. júlí 1909

868

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur ekki að svo stöddu getað orðið við beiðni yðar um, að leggja skolpræsi frá húsi yðar.-

Til ekkjunnar Vilborgar Gunnarsdóttur, Lindargötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. júli 1909

869

Hjer með tilkynnist yður, að veganefndin hefur ekki getað sinnt tilboði yðar um að selja bænum brústeina umfram það, sem samningar þegar eru gjörðir um, sökum þess að ekkert fje er veitt til þess á fjárhagsáætlun bæjarins á yfirstandandi ári.-

Herra steinsmiður Ingvar Sveinsson, Laugaveg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. júlí 1909

896

870

Jeg sendi heilbrigðisnefndinni hjer með eptirrit af fundargjörðum veganefndarinnar 28.f.m. og 12.þ.m.,er sambykkktar hafa verið af bæjarstjórninni,og innihalda fundargjörðir þessar svar veganefndar og bæjarstjórnar upp á málaleitanir heilbrigðisnefndarinnar á fundum hennar í maí og júní þ.á..

Til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. júli 1909

871

Hjer með tilkynnist yður,að veganefnd hefur svarað svo erindi yðar i brjefi dags. 14.f.m.,að frá hennar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu,að þjer leggið skolpræsi frá húsi yðar i sklopræsið frá Landakoti.Að eins verður að gjöra þetta undir umsjón bæjarverkfræðingsins.

Herra Jakob Árnason , frá Auðsholti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

28. júlí 1909

871

Bæjarstjórnin hefur á fundi 15.þ.m. samþykkt að leigja yður Móakotslóðina, þó eigi lengra niður en að fyrirhugaðri Strandgötu, um 15 ára tímabil, og þannig að eptir þann tíma megi segja upp lóðinn með 6 mánaða fyrirvara, og að þjer sjeuð þá skyldur til að flytja burt bænum að kostnaðarlausu mannvirki þau, er þjer kunnið að hafa gjört á lóðinni, fyrir 40 króna árlega leigu.-

Jafnframt því að tilkynna þetta væntist það, að þjer komið bráðlega hingað á skrifstofuna til þess að gjöra endanlegan samning um þetta.-

Herra sútari Bergur Einarsson , Nýlendurgötu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 29. júli 1909

Skólanefndin hefur samkvæmt fræðslulögunum samið nýja reglugjörð fyrir barnaskóla Reykjavikur,er jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hjer með og beiðast þess, að hinu háa stjórnarráði vildi þóknast að staðfesta hana, og þá um leið nema úr gildi reglugjörð skólans 27. okt. 1862.Þegar reglugjörðin hefur öðlast saðfestingu leyfi jeg mjer að óska,að hún verði birt i B.Deild stjórnartiðindanna,og að skólanefndinni verði látin i tje 500 sjerprentuð eintök af henni.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27. Júlí '09.

874

Hjermeð tilkynnist yður, herra úr-smiður, að bæjarstjórnin hefur synjað yður um erfðafestuland það er þjer fóruð fram á í brjefi 14. f.m.

Herra
úrsmiður Helgi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

901

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. júlí 1909

875

Jeg leyfi mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, hjer með til þinglesturs afsalsbrjef Sveins Jónssonar fyrir austurhluta Elsumýrarbletts til handa bæjarstjórn Reykjavíkur og veðbrjef Sigurðar Jónssonar í Kasthúsum til fátækrasjóðs Reykjavíkur.-

Þinglestrargjaldið verður yður greitt eptir reikningi, og skjölin óska jeg að fá endursend með áritun um þinglestur þeirra.-

Til Bæjarfógeta Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

877

3. ágúst 9

Eins og meðfylgjandi reikningur sýnir, hefur Páli Ólafssyni, steinsmið hjer í bænum, verið veittur styrkur úr fátækrasjóði bæjarins að upphæð 237 kr... Mjer hefur verið skýrt frá, að Páll þessi hafi haft í sumar og hafi enn þá atvinnu hjá yður, herra sýslumaður, og er það því tilmæli mín, að þjer innheimtið upphæð þessa hjá honum ef með þarf með því að gjöra fjárnám í kaupi hans eins og jeg líka krefst þess, að kyrsett verði kaup það, sem hann hjer eptir kann að vinna fyrir hjá yður eða annarsstaðar í sýslu yðar.—

Páll Einarsson

Til

sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
4. ágúst 1909.

877

Til svars

~~Með~~ heiðruðu brjefi stjórnarráðsins dags. 30. f. m. viðvíkjandi breytingu á fyrirkomulagi á húsi því, sem konsúll Brillouin er að byggja hjer í bænum, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hjer með brjef byggingarfulltrúa bæjarins dags. í gær og ber brjef þetta að skoða sem svar byggingarnefndarinnar uppá brjef nefnds konsúls dags. 28. f. m., er fylgdi brjefi stjórnarráðsins. Brjef konsúlsins endursendist hjer með, bæði frumrit þess og þýðingin. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

5. ágúst 1909

877

Með hæztvirtu brjefi dags. 27.f.m. hefur hið háa stjórnarráð lagt fyrir mig að senda fylgiskjölin með bæjarsjóðsreikningnum fyrir árið 1907,ásamt athugasemdum endurskoðanda,svörum reikningshaldara og úrskurði bæjarstjórnar.-

Til svars þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skýra frá því,að ennþá er ekki búið að endurskoða nefndan bæjarsjóðssjóðsreikning og því síður að úrskurða hann.En þeggar þetta hefur verið gjört mun fyrirmælum nefnds brjefs hins háa stjórnarráðs verða fullnægt.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

5. ágúst 1909

879

Með hæstvirtu brjefi dags. 14. f.m. hafið þjer, háæruverði herra biskup, sent mjer 80 kr., sem er styrkur veittur úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar ekkjunni Rannveigu Jónsdóttur í Gíslholti og barninu Elínu Guðrúnu V. Jónsdóttur. Styrkinn hef jeg útborgað samkvæmt nefndu brjefi yðar og sendi jeg kvittanirnar hjer með.-

Til Biskupsins yfir Íslandi -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
5. ágúst 1909

Hjer með tilkynnist, herra verkfræðingur, að hafnarnefndin hefur veitt leyfi til að byggja bátabryggju, austanvert við klæðaverksmiðjuna "Iðunni" til afnota fyrir gasstöðina, samkvæmt uppdráttum þeim, er fylgdi beiðni yðar dags. 3. þ.m..

T.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
5. ágúst 1909

88

Með heiðruðu brjefi dags. 26. f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer viðkenningu hlutaðeigandi hreppsnefndar fyrir því að Jón Jónsson, sá, er brjef mitt dags. 8. marz þ.á. ræðir um, sje sveitlægur i Dyrhólahreppi hinum forna. Jón þessi Jónsson hefur allan seinni hlutann i vetur legið veikur, og er því svo langt frá, að hann hafi getað endurgoldið styrk þann, er honum fyrst var hjer veittur, að hann hefur verið á stöðugu sveitarframfæri, þannig að hann er nú búinn að þiggja 70 kr. eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer. Eruð þjer því hjer með beðinn um að innheimta tvo þriðju hluta af upphæð þessari hjá Dyrhólahreppi hinum forna og senda mjer hið fyrsta.-

Nefndur Jón Jónsson er enn svo veikur, að hann er ekki flutningsfær, en verði hann álitinn flutningsfær verður hann sendur á sveit sína á þessu sumri.-

Til sýslumannsins i Skaptafellssýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst 1909

908
882

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingu á húseign landssjóðs á Arnarhólstúni, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

909

883

Hjer með tilkynnist yður, herra brunamálastjóri, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær brunabótavirðingu á húseign landssjóðs á Arnarhólstúni, Safnahúsið, á kr. 195 984.00. —

P.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

910

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. águst '09

884

Hjer með tilkynnist yður, herra trje-smiður, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að breyta gluggum á framhlið hússins Nr. 7 við Bankastræti, samkv. uppdrætti þeim, er fylgdi beiðni yðar, dags. 17. f. m. –

Herra
trjesmiður Guðmundur Jakobsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

885.

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft hlutafjelaginu „Völundur“ að byggja salerni 4½ × 2 álnir að stærð á lóð fjelagsins Nr. 17 við Laugaveg. Að svo miklu leyti sem bygging þessi verður nær lóðarmörkunum en 5 álnir, skal gjöra eldvarnarvegg.

Þetta tilkynnist hjer með. –

Til
Hlutafjelagsins „Völundur“. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. águst '09

886

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra kaupmaður, að hafa opið skýli á lóð yðar við Hafnarstræti austanvert við vörupallinn hjá bæjarbryggjunni. Austurhlið skýlisins skal vera opin.–
Þetta tilkynnist yður hjer með

Herra
kaupmaður D. Thomsen, Rvík.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavík
d. 6. Aug. '09

913

887

Hr Ingeniör H. A. Hansen

De anmodede forleden Dag Ingeniör Zimsen og mig om at udpege en Formand, der kunde forestaa det resterende Arbejde paa Strækningen fra Laxelven til Rauðarás-holt. Vi anser Overbringeren af dette Brev, Jósafat Sigurðsson, godt skikket til at forestaa dette Arbejde, og han kommer for at træffe nærmere Aftale med Dem derangaaende.

For övrigt henviser jeg til mit Brev af 27. f. m. hvori jeg har gjört Krav paa at Entreprenörerne O. V. Hjörtog G. Lössl skal udföre det væsentligste af Arbejdet for at faa deres Akkordsarbejde fuldfört.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst 1909

888

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær synjað yður um erfðafestuland það, er þjer fóruð fram á í brjefi dagst. 7. f. m. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
Axel Meinholt, Laufásveg 31

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

889

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður synjað um erfðafestuland, 8 dagsláttur af Vatnsmýrinni sunnanvert við erfðafestuland Þorleifs barnakennara Jónssonar það er þjer fóruð fram á í brjefi dags. 20. f. m.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
Guðmundur Þorsteinsson, Nýlendug. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

890

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var yður synjað um að fá á erfðafestu land það fyrir sunnan Einholt, er þjer fóruð fram á í brjefi dags. 30. f. m..—

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.—

Herra
Guðmundur Jónsson, Landagenti.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

891

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður synjað um erfðafestuland það, er þjer fóruð fram á brjefi dags. 24. júní og 5. júlí þ. á.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
kaupmaður Páll Bergsson, Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09 893

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að verða við ósk yðar og veita yður á erfðafestu c. 2 dagsláttur sunnan vert við túnblett Halldórs Ólafssonar meðfram Kaplaskjólsvegi og verði takmörk landsins 15 faðma frá veginum. Landið verði fullræktað að liðnum 5 árum frá útmælingu, og mun landið verða útmælt af bæjarverkfræðingnum og síðan gefið út erfðafestubrjef fyrir því.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
Björn Jónsson, Bræðraborgarstíg 37

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

892

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að veita yður til garðræktar og erfðafestu hálfa — heila dagsláttu af landi bæjarins fyrir sunnan Einholt, er þjer fóruð fram á í brjefi dags. 29. júní., og verður yður gjört að skyldu að hafa ræktað landið að fullu á þremur árum.

Land þetta verður yður útmælt af bæjarverkfræðingnum og síðan gefið út erfðafestubrjef fyrir því. —

Til
Hólmfríðar Gísladóttur
forstöðukonu Hússtjórnarskólans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst '09

894

Á fundi í gær hafnaði bæjarstjórnin forkaupsrjetti að Melstaðabletti, er þjer vilduð selja henni fyrir 1000 krónur.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra trjesmiður, hjer með.

Herra
trjesmiður Guðmundur Egilsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. ágúst og
1895

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær synjað yður um land það við Kellitaaávog, er þjer hafið farið fram á að fá. –

Herra
skólastjóri Páll Halldórsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6 ágúst '09

896

Bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær að veita yður, herra verkstjóri, á erfðafestu c. 1½ dagsláttu vestan Laugarnesvegarins og sje ræktunartíminn 2 ár. Hinsvegar var yður synjað um land það, er þjer fóruð fram á að fá austan Laugarnesvegarins. –

Erfðafestulandið verður yður síðar útmælt og erfðafestubrjef gefið fyrir því. –

Herra
verkstjóri Magnús Vigfússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09



897

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði frumvarp til breytingar á heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins 30. jan. 1905 er bæjarstjórnin samþykkti á fundi 5. þ.m., leyfi jeg mjer jafnframt að fara þess á leit, að stjórnarráðinu vildi þóknast að staðfesta frumvarpið þannig að það geti öðlast gildi sem allra fyrst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bankaritari, að menn þeir, er dómkvaddir voru til að meta til eignarnáms landspildu móður yðar við Laufásveg til breikkunar götunni hafa metið feralin hverja á 67 aura. Leyfi jeg mjer að æskja yfirlýsingar yðar um, hvort þjer viljið una við mat þetta. –

Herra
bankaritari Hannes Thorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09

899

Á fundi 5. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin, að niður mætti falla aukaútsvar það, er Einari Sveinssyni frá Þjóðólfshaga, hefur verið gjört að greiða árið 1908. –

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, eruð þjer hjer með aðvaraður um að afmá útsvar þetta af niðurjöfnunarskránni.

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09.

900

Bæjarstjórnin hefir kosið yður, herra landritari, ásamt háyfirdómara Kristjáni Jónssyni og Lárusi Bjarnasyni, í nefnd til að íhuga, hvernig og hverjir meta skuli lóðir, er bærinn þarf að taka eignarnámi.

Þetta tilkynnist hjermeð.

Páll Einarsson

Herra
landritari Klemens Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09 901

Bæjarstjórnin kaus yður, herra lagaskólastjóri, ásamt hæstaréttardómara Kristjáni Jónssyni og landritara Klemens Jónssyni, í nefnd til að íhuga hvernig og hverjir meta skuli lóðir, er bærinn þarf að taka eignarnámi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Páll Einarsson

Herra
lagaskólastjóri Lárus Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09

902

Bæjarstjórnin kaus yður, herra háyfirdómari ásamt lagaskólastjóra Lárusi Bjarnasyni og landritara Kl. Jónssyni í nefnd til að íhuga hvernig og hverjir meta skuli lóðir, er bænum þarf að taka eignarnámi.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Páll Einarsson

Herra
háyfirdómari Kristján Jónsson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst '09

903

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að útsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða árið 1908, að upphæð 20 krónur, mætti falla niður. –

Páll Einarsson

Herra
Einar Sveinsson, Njálsgötu 29 b

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. ágúst 1909

903

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð jarðabókasjóðsávísun fyrir 700 kr til greiðslu á þeim hluta legukostnaðar Jóhanns Edvards óskilgetins sonar Kristjönu Jóhannesdóttur, sem landssjóði samkvæmt 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905, ber að greiða.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með hæstvirtu brjefi dags. 12. f. m. hefur hið
háa stjórnarráð sent bæjarstjórninni til um-
sagnar brjef frakkneska vicekonsúlsins dags.
30. júní þ. á. -, þar sem hann kvartar yfir því,
að slátrunarhús hefur verið byggt nálægt hinu
frakkneska sjúkrahúsi hjer í bænum, og
telur að taugaveikishættan geti stafað af því.
Bæjarstjórnin hefur sent heilbrigðisnefnd-
inni þetta erindi herra konsúlsins til athug-
unar og hefur nefndin látið það álit uppi,
að það sje að vísu óheppilegt að slátrunar-
húsið hafi verið byggt nærri sjúkrahúsinu
en úr því sem komið er, sje ekki hægt að
bæta úr því, enda telur nefndin ekki hægt
að fullyrða, að taugaveikissóttnæmi þurfi
að óttast frá slátrunarhúsinu. Til þessarar
umsagnar skírskota jeg fyrir hönd bæjar-
stjórnarinnar, að því viðbættu að bæjar-
stjórn mundi tæpast hafa getað hindrað
bygginguna slátrunarhússins, eptir að slátrun-
arfjelagið hafði keypt grunninn, enda
mun allur umbúnaður á slátrunarhúsinu
vera hinn fullkomnasti, og hreinlæti innan-
húss svo mikið sem föng eru á, og væntir bæjar-
stjórnin því, að frá því þurfi ekki að óttast sótt-
næmi. -
Brjef konsúlsins, bæði frumritið og
þýðing þess, endursendist hjer með. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. ágúst 09

905

Með hæstvirtu brjefi dags. 12. f.m. hefur hið háa stjórnarráð sent bæjarstjórninni til umsagnar erindi frakkneska konsúlsins dags. 30. f.m., þar sem hann kvartar yfir því, að óþrifnaður mikill sje kringum frakkneska sjúkrahúsið.—

Heilbrigðisnefndin hefur haft erindi þetta til athugunar og er það viðurkennt af henni og bæjarstjórn, að fráræslan kringum húsið sje ófullkomnari en vera ætti, en hinsvegar hefur einmitt á þessu ári, með tíðum rennuhreinsunum og eptirliti verið reynt eptir megni að bæta úr því, að frárennslið er ófullkomið, og mun þetta vera viðurkennt af sjúkrahúslækninum. Að sjálfsögðu mun bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd halda áfram að láta tíðar hreinsanir fara fram kringum sjúkrahúsið, eins og jeg líka vænti þess, að ástæður leyfi að bæta frárœsli kringum sjúkrahúsið þegar á næsta ári, svo að vel megi viðuna.—

Brjef konsúlsins, frumrit þess og þýðing endursendist hjermeð.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. ágúst 1906

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur í dag endurborgað Fátækrasjóð Reykjavíkur kr. 68.33 – sextíu og átta krónur þrjátíu og þrjá aura, sem eru 2/3 hlutar af upphæð þeirri, kr. 102.50, sem Þórunni Ingimundardóttur hefur verið veitt úr Fátækrasjóði.

Fyrir þessum 68.33 – sextíu og átta krónum 33 aurum, kvittast hjer með.–

Til
hreppsnefndar Gerðahrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. ágúst 1907

Hreppsnefnd Gerðahrepps hefur í dag borgað Fátækrasjóði Reykjavíkur kr. 68.33 – sextíu og átta krónur þrjátíu og þrjá aura sem eru 2/3 hlutar af upphæð þeirri sem Þórunni Ingimundardóttur hefur verið veittur úr Fátækrasjóði Reykjavíkur, og sem jeg leyfi mjer að senda yður, herra bæjargjaldkeri, og vænti kvittunar fyrir við fyrsta tækifæri. –

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. ágúst '09



Hæztviet brjef stjórnarráðsins dags. 7.þ.m.gefur mjer tilefni til þess að leiðrjetta skrifvillu í brjefi mínu 5.þ.m., þar sem stendur að ekki sje búið að endurskoða bæjarsjóðsreikning Reykjavíkur fyrir árið 1907.Í brjefinu átti að standa, að reikning kaupstaðarins fyrir árið 1908 væri ekki búið að endurskoða,en reikningurinn fyrir 1907 er fyrir löngu endurskoðaður og úrskurðaður og leyfi jeg mjer að senda hinu háa stjórnarráði hjer með með fylgiskjölum,athugasemdum endurskoðenda og úrskurði bæjarstjórnarinnar.-

Til

Stjórnarráðs Íslands

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

12.ágúst 1909

908

Sýslunefndirnar í Gullbringu-og Kjósarsýslu hafa ákveðið, að semja skuli markaskrá fyrir sýslurnar og Reykjavíkurkaupstað á komandi vetri og hafa því farið þess á leit, að fjármörkum verði safnað hjer í bænum á komandi hausti. Er það ósk mín að þjer vilduð takast þennan starfa á hendur og ef þjer viljið gjöra það, æskji jeg, að þjer komið við fyrsta tækifæri hingað á skrifstofuna til viðtals við mig um það.-

Herra

Jónas Jónsson, Miðstræti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

12. ágúst 1909 909

Með heiðruðu brjefi dags. 9. þ. m. hafið þjer beiðst þess, að fá að heyra ástæðu bæjarstjórnarinnar fyrir því, að hún hafi synjað yður um erfðafestuland við Elliðaárvog. Til svars þessu er yður hjer með tjáð, að jeg hygg að það hafi ráðið atkvæði bæjarstjórnarmeðlimanna um þetta, að þeir ekki hafi viljað að svo stöddu láta af hendi til einstakra manna landspildur úr hinu afgirta beitilandi bæjarins og þá ef til vill síður strandlengjuna fram með Elliðaárvog en annarsstaðar.-

Álitsskjal Sigurðar Sigurðssonar búfræðings, er fylgdi erfðafestubeiðni yðar endursendist hjer með.-

Herra

skólastjóri Páll Halldórsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
12.ágúst 1909

910

Samkvæmt meðfylgjandi úrskurði bæjarfógeta Reykjavikur,er skyldar Ólaf Þórðarson til þess að gefa 40 kr. árlega með Hannesi óskilgetnum syni hans og Helgu Bogadóttur,frá 15.ágúst 1907,ber fátækrasjóði Reykjavikur að greiða meðlag þetta fyrir árið frá 1.ágúst 1907 til jafnlengdar 1908 og að auki barnsfararkostnað 8.kr.65a.-Þessar 48 kr. 65 a.,er hjer með lagt fyrir yður,herra bæjargjaldkeri, að senda sýslumanninum í Mýra-og Borgafjarðarsýslu hið allra fyrsta.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. ágúst 1909

911

Jeg hef með brjefi í dag lagt fyrir Bæjargjaldkera Reykjavíkur, að senda yður til ráðstöfunar, herra sýslumaður, 48 kr. 65 a. til lúkningar meðlagi því, er Ólafi Þórðarsyni bar samkvæmt úrskurði bæjarfógeta 16. jan. þ. á. að greiða fyrir árið frá 15. ágúst 1907 til jafnlengdar 1908, sem og barnsfararkostnaðinum samkvæmt úrskurðinum.-

Jafnframt því að tilkynna þetta, skal þess getið, að Ólafur sá Þórðarson sem úrskurðurinn ræðir um, andaðist hjer á sjúkrahúsi hjer í bænum fyrri hluta marzmánaðar þetta ár, og ber því Reykjavíkurbæ ekki hjer eptir, að leggja út með lögin samkvæmt úrskurðinum.-

Til

sýslumannsins í Mýra-og Borgarfjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
12.ágúst 1909

912

Með heiðruðu brjefi dags.8.des.f.á. hafið þjer,herra hreppsnefndaroddviti,farið þess á leit,að fá endurgoldnar 50 kr.,sem Ytri-Torfastaðahreppur hefur greitt Sigríði Bjarnadóttur til lúkningar meðlagi því er Guðmundur læknir Pjetursson átti að greiða henni fyrir árið frá 20.marz 1907 til jafnlengdar 1908 með Birni Kristjáni óskilgetnum syni þeirra, samkvæmt úrskurði bæjarfógeta Reykjavikur dags.30.júní f,á.. Jeg hef nú lagt fyrir bæjargjaldkerann,að senda yður með næsta pósti þessar 50 kr. og jafnframt beiðst afsökunar á því,að greiðala þessi kemur svo seint,er stafar af því,að áðurnefnt brjef yðar hafði mislagst.-

Úrskurður bæjarfógetans endursendist hjer með.-

Til
hreppsnefndarinnar i Ytri-Torfastaðahreppi
Húnavatnssýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12.ágúst 1909
913

Úr fátækrasjóði ber að greiða Ytri-Torfastaðahreppi í húnavatnssýslu fyrir Guðmund læknir Pjetursson hjer í bænum, 50-fimmtíu krónur-,sem er meðlag frá hans hálfu fyrir árið frá 20 marz 1907 til jafnlengdar 1908 með Birni Kristjáni, óskilgetnum syni hans og Sigríðar Bjarnadóttur.Er því lagt fyrir yður,herra bæjargjaldkeri,að senda hreppsnefndaroddvitanum í Ytri-Torfastaðahreppi þessar 50 krónur og færa þær til útgjalda undir gjaldalið 18 b og telja þær Guðmundi lækni Pjeturssyni til skuldar.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

12.ágúst 1909

914

Fátækrasjóður bæjarins hfeur orðið að greiða Vilhelminu Pálsdóttur hjer í bænum meðlag það er Hálfdán Jónsson á Akureyri átti að greiða henni með barni þeirra Jóhönnu Guðrúnu fyrir árið frá 21.jan.1908 til jafnlengdar 1909,45 krónur-, samkvæmt amtsúrskurði 7.okt.1903.Úrskurð þennan sendi jeg yður,herra bæjarfógeti,hjer með og bið yður að innheimta meðlag þetta hjá barnsföðurnum,Hálfdáni Jónssyni með lögtaki ef á þarf að halda.-

Úrskurðurinn óskast endursendur með svari yðar.-

Til

Bæjarfógetans á Akureyro.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinn Guðm. Gíslason sveitf. í Reykjavík. —



Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12.ágúst 1909

914

Fátækranefnd Reykjavíkur hefur orðið að leggja út fyrir trjesmið Svein Guðmund Gíslason meðlag fyrir árið frá 20.júlí 1908 til jafnlengdar 1909, er honum samkvæmt amtsúrskurði 17.okt.1903 bar að greiða með Sigríði Arinbjörgu óskilgetinni dóttur hans og Guðríðar Gunnarsdóttur í Reykjavík.Sveinn Guðm.Gíslason þessi, er sveitlægur í Lundareykjadal og sendi jeg yður því, herra sýslumaður meðlagsúrskurðinn hjer með og bið yður, að innheimta fúlgu þessa hjá framfærslusveit hans, þar sem reynt hefur verið hjer að ná henni inn með lögtaki en árangurslaust.-

Úrskurðurinn óskast endursendur með svari yðar.-

Til

Sýslumannsins Mýra-og Borgarfjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
12.ágúst 1909

915

Samkvæmt úrskurði bæjarfógeta 17.des.1907 ber Bárði Kristjáni Guðmundssyni hjer i bænum að greiða 45 kr. á ári með Þórunni óskilgetinni dóttur hans og Guðfinnu Andrjes dóttur frá Hrafnkelsstöðum i Hrunamannahreppi.Það verður ekki komist hjá því,að fátækrasjóður greiði til bráðabyrgða meðlagið samkvæmt úrskurði þessum fyrir árið frá 18.des.1907 til jafnlengdar 1908 og er því hjer með lagt fyrir yður,herra gjaldkeri,að senda hreppsnefndinni i Hrunamannahreppi með næsta pósti meðlag þetta,45 krónur..

Bárður Kristján Guðmundsson er sveitlægur i Sljettuhreppi i Ísafjarðarsýslu og hef jeg nú samstundis krafist endurgjalds frá þeim hreppi á fjárframlagi þessu.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.ágúst 1909 916

Jeg sendi yður,herra sýslumaður,hjer með :

1. Úrskurð Bæjarfógeta Reykjavíkur 17.des.1907,er skyldar Bárð Kristján Guðmundsson til að gefa 45 kr. á ári með Þórunni óskilgetinni dóttur hans og Guðfinnu Andrjesdóttur.

2. Lífsvottorð Þórunnar

3. Brjef oddvita Hrunamannahrepps,dags.11.marz.þ.á.

4. Brjef Bæjarfógeta Reykjavíkur,dags.23.marz.þ.á.

Eins og þetta brjef bæjarfógetans sýnir,hefur ekki verið mögulegt,að ná meðlaginu samkvæmt úrskurðinum fyrir árið 1907 til 1908 hjá Bárði Kristjáni Guðmundssyni,og hefur því fátækrasjóður hjer orðið að leggja það út til bráðabyrgða til hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi.-

Eru það því tilmæli mín,að þjer,herra sýslumaður,innheimtið meðlag þetta hjá Sljettuhreppi í sýslu yðar og sendið mjer það við fyrsta tækifæri.-

Til

Sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með háttvirtu brjefi dags. 13. f. m. hefur hið háa stjórnarráð sent bæjarstjórninni til umsagnar erindi frá þremur bæjarfulltrúum Reykjavíkur dags. 12. f. m., er í erindi þessu kæra þeir yfir lóðarkaupum undir væntanlega gasstöð hjer í bænum. Bæjarstjórnin hefur falið gasnefndinni að láta uppi umsögnina og fyrir hönd þeirrar nefndar leyfi jeg mjer virðingarfyllst að gjöra það á þessa leið: –

Kærendurnir segjast gjöra ráð fyrir því, að jeg hafi fyrir hönd bæjarstjórnarinnar leitað samþykkis stjórnarráðsins til grunnkaupanna undir gasstöðina. Þetta hef jeg ekki gjört og ætlaði ekki að gjöra það, þar sem jeg leit og lít svo á, að samþykkis þessa þurfi ekki, að samningarnir sjeu fullgildir án þess. Kærendurnir munu líta svo á, að samþykkis stjórnarráðsins muni þurfa af því að svo er ákveðið í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar að samþykkis landstjórnarinnar þurfi til þess að kaupa „nýja fasteign" handa bænum. En hjer við athugast, að þetta ákvæði hefur frá því tilskipunin kom út, verið skilið þannig, að þar undir falli ekki grunnkaup. Bærinn hefur mörgum sinnum keypt grunna og látið grunna af hendi án þess nokkurn tíma hafi verið leitað samþykkis landstjórnarinnar, hefur það þó stundum verið gjört.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með vitund hennar. Og það virðist því síður nú vera ástæða til að skilja lagastaf þennan eins og kærendurnir vilja þar sem sveitastjórnir og hjeraðsstjórnir utan kaupstaðanna samkv. sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905 ekki lengur þurfa samþykkis landstjórnarinnar til þess að kaupa fasteignir.

Ennfremur hefur hið háa stjórnarráð með brjefi dags. 16 f. m. veitt samþykki sitt til að bærinn megi taka lán það, er með þarf til byggingar gasstöðvarinnar, og mætti ef til vill líta svo á, að með því væri um leið bæjarstjórninni gefið samþykki til að gjöra samninga þá, er með þarf til að fá gasstöðina byggða og þar með að kaupa grunninn.–

En líti hið háa stjórnarráð svo á, að samþykkis þess þurfi til grunnkaupanna, leyfi jeg mjer virðingarfyllst hjer með að fara þess á leit að það verði veitt, og gefa eptirfylgjandi skýrslu um grunnkaup þau, er gjörð hafa verið.–

Það var fyrirhugað að byggja gasstöðina á grunni, er takmarkast að sunnan af Hverfisgötu, að vestan af Barónsstíg, að norðan af sjónum og að austan af skurði vestanvert við klæðaverksmiðjuna. Iðunni og átti þá að flytja til veg þann, er fyrirhugað var að láta liggja þar yfir. Svæði þetta er alls hjer um bil 14000 ferálnir að flatarmáli. Þar af á †

† bærinn þann hlutann er næst sjónum liggur c. 11000 ferálnir, en ekki hlutann

c. 6500 feráln. tekið er hluti af Elliðamýrarbletti (erfðafestulandi), er eign Sveins Jónssonar smiðs, og hafði hann boðist að selja bænum hann fyrir 1 kr. feralin hverja og þar frá átti að dragast 20%. En verkamenn við Barónsstíg er aðalfiskþurkunarpláss verslunarinnar „Edinborg“ og skipaði forstöðumaður þeirrar verslunar gasnefndinni frá því, að ef gasstöðin yrði byggð á hinum fyrirhugaða grunni, mundu þar með ef til vill verða ónýttir fiskreitirnir og hann neyddur til að flytja fiskþurkunarstöð sína út úr bænum. Nú veitir fiskverkunarstöðin opt um 100 fátækum konum og börnum atvinnu að sumrinu og vildi því gasnefndin ekki eiga á hættu að spilla henni. Leitaði hún því fyrir sjer um aðra grunna og komu þá sjerstaklega tveir grunnar til álita, austurhlutinn af Elliðamýrarbletti, eign Sveins smiðs Jónssonar, og partur af byggingargrunni „Sundmanna“, er liggur á fimaðinum af Hverfisgötu og Rauðarárstíg, og þóttu hinir síðarnefndu grunnar sjerstaklega hentugir; er hann sýndur með rauðri umgjörð á meðfylgjandi uppdrætti, en Elliðamýrarbletturinn með gulri umgjörð. Var því leitað eptir kaupum á grunnum þessum og bauð Sveinn Jónsson að selja svo mikinn hluta af austurparti Elliðamýrarbletti er þyrfti [illegible] 20% © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L ≈ 92 aura hverja feralin, en stjórnarnefnd Sundmanna var ófús að selja bænum nokkurn staf lóð verkstæði sinnar sjer fyrir það

verð, en bauð hinsvegar að makaskipta á umræddri lóð fyrir jafnstóra spildu af austurhluta Elsumýrarbletti.

Þannig stóð málið þegar bæjarstjórnin á fundi 17. júní ákvað endanlega að byggja gasstöðina og taka lán til hennar. Og á þeim sama fundi gaf hún gasnefndinni umboð til þess að ákveða hvar gasstöðin skyldi standa og til að kaupa eða makaskipta á grunninum undir hana. Var þess þá getið af mjer á fundinum, að í ráði væri að byggja stöðina á öðrum stað en upprunalega var ætlað, og rjeði einmitt sú hugsun orðalagi umboðsins, að fengin yrði með makaskiptum þessi grunnur Stunnar. Samkvæmt þessu skýlausa umboði keypti svo gasnefndin í umboði bæjarstjórnarinnar 12293 ferálnir af Elsumýrarbletti fyrir 42 aura feralin hverja og makaskipti svo 11840 ferálnum af þeim fyrir jafnstóra lóð frá Stunni. Fylgir eptirrit af samningunum þessum hjer með. Þar sem bæjarstjórnin hafði beint gefið gasnefndinni umboð til að fullgjöra samningana um grunnkaupin stóð það aldrei til, að þeir yrðu lagðir fyrir bæjarstjórnina til samþykkis, enda stóð svo sjerstaklega á, að grunnkaupin þurfti að fullgjöra áður en verkfræðingur Hr. Krabbe lyki við úrskurð sinn á bygg[illegible]

⌊ en vegna fyrirfram ákveðinnar ferðar þurfti hann að hafa lokið því starfi sínu fyrir lok júnímánaðar eða á öndverðum næsta



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnarfund átti að halda.

Samningarnir hafa þannig verið gjörðir samkvæmt löglegu umboði bæjarstjórnarinnar og bærinn hefur ekki tapað 9000 kr. heldur grætt ríflega þá upphæð við það að kaupa grunn þennan í stað þess að byggja stöðina við Barónsstíg eins og kærendurnir virðast hafa viljað. Þetta liggur í því, að grunnurinn við Barónsstíg er verðmætari, en sá sem keyptur var af Sveini: Bæjarstjórninni stendur til boða að selja þær 11000 ferálnir, sem hún á í þeim grunni nú þegar fyrir 1 kr. 25 a. feralin hverja eða fyrir 13750 kr. – Og ef gjört er ráð fyrir að Sveinn Jónsson hefði selt bænum 6000 ferálnir í viðbót á 72 aura alin hverja eða á 4220 kr. þá hefði grunnurinn undir gasstöðina miðað við þessi tilboð kostað 17970 kr. ef hún hefði verið byggð við Barónsstíg, í stað þess að lóð sú sem bærinn hefur keypt af Sveini kostar að eins 8850 kr. Mismunur þar á milli er rúmar 9000 kr., sem er beinn gróði fyrir bæinn. Og auk þess kosta gasstöðvabyggingarnar eptir dómi sjerfróðra manna að minnsta kosti 3000 kr. minna fyrir það, að þær verða byggðar á hallalausum fleti við Hverfisgötu í stað þess fyrir í halla við Barónsstíg. –

Þetta verður ekki vefengt og á góðum fyrir bæinn er því að ... L

L sje á það staðhæfing kærendanna, að bæjarstjórnin hefði getað, ég átt að taka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

grunninn af. Iðunni fyrir ekkineitt, samkv. opnu brjefi dagð. 29. mai 1839, fyrir þá sök eina, að lóðin hefur ekki verið girt. En slíkt gat að áliti gaðnefndarinnar ekki komið til mála. – Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt þannig, heldur hefur bæjarstjórnin þráfaldlega breytt gagnstætt því, með því að kaupa ógirtar lóðir af öðrum, og verður því þegar af þeirri ástæðu að álíta ákvæðið úrelt. Nú er ákvæði þetta úr gildi numið með lögum Nr. 23, 3 okt. 1903, að því er snertir lóðir, sem afhentar eru eptir þann tíma, og væri þessvegna því síður ástæða til að beita því nú, þótt í gildi væri um eldri lóðir, enda má ef til vill líta svo á, sem einmitt Iðunnargrunnurinn falli inn undir ákvæði laganna 1903, þar sem verksmiðjan brann eptir að þessi lög öðluðust gildi, og var með samþykki bæjarstjórnarinnar endurbyggð. Auk þess hefur bæjarstjórnin heimilað Iðunni að nota nokkurn hluta grunnsins undir veg.

En jafnvel þótt bókstafur laganna hefði heimilað að gjöra slíkt, hefði verið hrein frágangssök að fara þannig að. Eins og meðfylgjandi eptirrit af útmælingargjörðinni sýnir, hefur bæjarstjórnin árið 1903 afhent verksmiðjunni grunn þennan, vitanlega í þeim tilgangi að koma fyrir

skyldi það, og það hefði verið brot á öllu velsæmi að taka gjöfina aptur og fyrirvaralaust, enda ekki hægt að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöra það, nema stofna þessu nytsemdar-fyrirtæki í voða, og gat ~~það~~ af því því leitt beint tjón fyrir bæinn og bæjarsjóð. Veðrjettur sá sem bæði landssjóður og bankarnir hafa öðlast í grunni þessum voru því einnig til fyrirstöðu, að bærinn gæti tekið grunninn án endurgjalds, og loks hefði þurft úrskurð dómstóla fyrir því, að bærinn ætti grunninn. En mánuðir hefðu liðið áður en slíkur úrskurður hefði fengist, og þar með hefði það verið útilokað, að grunnurinn hefði orðið notaður undir gasstöðina, því þegar í stað þurfti að fá grunn undir hana.

Það sem jeg þegar hef tekið fram, nægir væntanlega til að sýna, að kæra bæjarfulltrúanna, er ekki á neinum rökum byggð, og vænti jeg því, að hið háa stjórnarráð samþykki hin gjörðu grunnkaup, ef það álítur samþykkis þurfa til þess.–

Uppdrátturinn af grunninum óskast endursendur með hæstvirtu svari stjórnarráðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

918

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. ágúst '09

Brunamálanefnd Reykjavíkur hefir á fundi 14. þ. m. veitt yður aðeins í þetta sinn leyfi til þess að leggja upp til bráða-byrgða á afviknum stað neðarlega á Kaupangurslóðinni steinolíu með þessum skilyrðum

að olían verði geymd í lokaðri járngirðingu,

að skurður sje grafinn meðfram skúrnum að neðanverðu. –

að ekki sje geymd fleiri en 350 föt í einu og

að steinolía sje ekki geymd þar lengur en til loka þessa árs. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra kaupmaður, hjer með. –

Herra
kaupmaður Gunnar Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hef þ. 17. maí þ. á. skrifað sýslumanninum í Barðastrandarsýslu á þess leið: „þann 8. okt. 1907 ól ógipt stúlka hjer í bænum, Gróa Jörgensdóttir, barn er 2. des. s. á. var skírt Marínó. Faðir barns þessa er Norðmaður að nafni Olav Viðkner, er þá dvaldi hjer og gekkst hann við faðerninu. Norðmaður þessi er farinn hjeðan úr bænum og hefur mjer verið sagt, að hann sje nú í Bíldudal. Jeg bið yður því, herra sýslumaður, að grennslast eptir hvort svo sje, og reynist það rjett, eða sje þessi maður í sýslu yðar, eruð þjer beðinn um, að skylda nefndan Olav Viðkner með úrskurði til þess að gefa hæfilega árlega fúlgu með barni þessu. Ef þjer komist að raun um að Olav Viðkner eigi heima eða dvelji í annari sýslu en Barðastrandarsýslu eruð þjer beðinn um að afgreiða málið til hlutaðeigandi sýslumanns“.

Jeg hef nú fengið að vita, að Olaf Viðkner þessi sje nú á Ísafirði hjá Birni nokkrum Gíslasyni þar, og er það því tilmæli mín, að yður, herra sýslumaður vildi þóknast að úrskurða hann skyldann til að gefa hæfilega meðgjöf með barninu, enda vænti jeg að sýslumaðurinn Barðastrandarsýslu sendi yður skírnarvottorðið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

920

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
16. ágúst '09

Jeg hef fengið að vita, að Olav Nishner, sá er brjef mitt 17. maí þ.á. ræðir um, sje nú á Ísafirði og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að senda bæjarfógetanum þar skírnarvottorð hans þess, sem brjefið ræðir um og fara þess á leit, að hann kveði upp meðlagsúrskurðinn. –

Til
sýslumannsins í Barðastrandarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. ágúst '09

921

Með brjefi dagś. 31. júlí hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 50-fimmtíu krónur, sem er meðlag frá Olafi Vigfússyni frá Ellidakoti með óskilgetnum syni hans, Pálma að nafni, og Auðbjargar Guðnadóttur fyrir árið frá 12/12 '07 til jafnlengdar 1908. —

Fyrir þessum 50-fimmtíu krónum kvittast hjermeð

Til
sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. ágúst '09

922

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 50 - fimmtíu krónur -, sem er endurgjald á meðlagi frá Ólafi Vigfússyni frá Ellidakoti, nú til heimilis á Hofsstöðum í Skagafjarðarsýslu, með Pálma óskilgetnum syni hans og Sæbjargar Guðnadóttur fyrir árið 12/2 1907 til jafnlengdar 1908.

Fyrir þessum 50 - fimmtíu krónum óskast kvittun við tækifæri. -

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. ágúst 1909 922

Jeg lagði fyrir fátækranefndina á síðasta fundi hennar erindi yðar, herra húsmaður dags. 10. þ.m., þar sem þjer farið þess á leit, að móðir yðar, Ingibjörg Bjarnadóttir verði flutt á sveit sína, Hvalfjarðarstrandarhrepp, en þar sem ekki lá fyrir viðurkenning frá þeim hreppi fyrir sveitfestinni og beiðni um flutninginn, vildi fátækranefndin ekki láta sinna þessari beiðni yðar.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta vænti jeg að þjer komið til viðtals við mig um þetta hið fyrsta.-

Herra húsmaður Björn Hieónýmusson, Bergstaðastr. 6 A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. ágúst 1909

923

Fyrir nokkrum dögum veiktist hjer i bænum stúlka að nafni Vilhelmina Pálsdóttir, og skipaði læknirinn að leggja hana á sjúkrahúsið, og þar sem sjúkrahúsið ekki vildi veita henni viðtöku nema gegn ábyrgð fátækranefndarinnar, hefur nefndin tekið að sjer ábyrgð á legu- og lækningakostnaði stúlku þessarar. Jeg hef látið taka æfiferilskýrslu stúlku þessarar og sendi hana hjer með. Ber skýrslan með sjer að hún sje sveitlæg i Eyjafjallahreppi hinum forna ( Vestur-Eyjafjallahreppi), og eru það tilmæli min, að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni. Ef fátækranefndin á sinum tima þarf að leggja út legukostnaðinn verður endurgjalds á 2/3 hluta hans krafizt af framfærslu hreppnum.-

Vottorð læknisins um að þurft hafi að leggja Vilhelminu á sjúkrahúsið sendist og hjer með.-

Til Sýslumannsins i Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Ágúst 9

924

Bústýra yðar Vilhelmina Pálsdóttir hefur samkvæmt skipun læknis verið lögðsjúkrahús og hefur fátækranefndin orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði hennar. Samkvæmt 18. gr. fátækralaganna ber yður að greiða af legukostnaðinum 50 a. fyrir hvern dag, sem hún er á sjúkrahúsinu og er því hjer með skorað á yður að greiða þetta til mín, nema þjer viljið losa fátækranefndina við ábyrgðina, sem væri hið æskilegasta.-

Herra Húsmaður Páll Guðmundsson.

Lindargötu 45.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1
1.ágúst 1909

925

Fátækranefndin hefur samþykkt að taka ábyrgð á húsaleigu fyrir yður,herra þurrabúðarmaður,fyrir mánuðina ágúst og september þ.á.,40 kr. hvorn mánuðinn.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Þórarinn Guðmundsson ,Ánanaustum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. ágúst 9

926

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 148 kr., sem er greiðsla frá Sigfúsi Sveinbjarnarsyni fasteignarsala með börnum hans þreumur og Ástríðar Sigurðardóttur fyrir árið 1908. Fátækranefndin hefur lagt þetta út til bráðabyrgða með því að veita Ástríði styrk þann, er hún hefur þurft börnunum til framfæris, og dregst því upphæðin frá styrk þeim, er henni hefur verið veittur, eða telzt sem endurborgun upp í hann.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. ágúst 1909

~~Jóhannes~~ Gunnlaugur Pjetursson, húsmaður hjer i bænum, sem á þessu sumri er i þjónustu Englendinga þeirra, er hafa laxveiðina i Elliðaánum á leigu, hefur skýrt mjer frá, að á sunnudagskvöldið er var hafi Pjetur sonur hans verið staddur ásamt tveimur englendingum við Elliðaárnar ofanverðar og hafi þeir þá heyrt skot fyrir ofan sig og sáu að vatnið úr ánni sprautaðist i lopt upp, og þar skammt frá sáu þeir tvo menn. Pjetur tók þá þegar i stað hest og reið á eptir þessum tveimur mönnum, er fóru undan honum og náði þeim. Var annar þessara manna Páll Magnússon, járnsmiður hjer i bænum, en um nafn hins mannsins er mjer ókunnugt ennþa, en Pjetur mun geta gefið það upp nú. Páll hafði laxastöng með sjer en hinn maðurinn ekki. Hvorugur þessarar manna þóttist hafa heyrt skotið, sem þó varla getur verið, og eru þeir grunaðir um, að hafa sett dynamit i árnar, til þess með þvi að drepa laxinn.-

Þetta að sprengitundur hefur verið sett i laxhylji i ánum hefur komið fyrir einu sinni áður i sumar, liklega sunnudaginn næstliðinn en var, þvi svo hefur ~~Jóhannes~~ Gunnlaugur Pjetursson skýrt mjer frá, að hann og Englendingarnir, sem i ánum veiða, hafi þá i einum hyl fundið 6 dauða laxa, er krufðir voru og álitnir voru, að hefðu verið drepnir með sprengitundri.

Jeg lit svo á, að þetta að setja sprengitundur i árnar sje glæpsamlegt athæfi, og getur haft i för með sjer mikla fjáreyðileggingu fyrir bæinn, þar sem bærinn hefur miklar tekjur af þvi að leigja laxveiðina i ánum. Eru það þvi tilmæli min, að yður herra bæjarfógeti, vildi þóknast að hefja sem allra fyrst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rannsókn til þess að fá það upplýst hverjir valdir sjeu að þessu glæpsamlega athæfi, og upplýsist það hverjir hinir seku sje, krefst jeg þess að þeir verði látnir sæta hinni hörðustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir það, eins og jeg líka fyrir hönd bæjarins áskil mjer að koma fram með skaðabótakröfu á hendur þeim fyrir tjón það, er þeir hafa bakað bænum með þessu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

16. ágúst 1909

929



Í framhaldi af brjefi mínu dags. 3.f.m. sendi jeg hjer með eptirrit af brjefi stjórnarráðsins dags. 16.f.m., þar sem stjórnarráðið samþykkir það, að bærinn megi taka 500 þúsund króna veðdeildarlán hjá Landsbankanum til byggingar gasstöð og til endurgjalds á bráðabyrgðarláni, er fengið hefur verið til að fullgjöra vatnsveituna, og ennfremur staðfest eptirrit úr fundargjörð bæjarstjórnarinnar 17. júní þ.á. um það, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að taka lánið.-

Til Landsbanka Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. ágúst 1909

930

Jeg sendi hreppsnefndinni hjer með reikning yfir það, sem Guðmundi Ámundasyni, sjúkling á Landakotsspitala hefur verið veitt af fátækrasjóði Reykjavikur frá því fyrsta að hann og heimili hans fóru að þiggja styrk. Eins og reikningurinn ber með sjer, hefur verið lagt út til heimilis hans 225 krónur. Af upphæð þessari ber Gaulverjabæjarhreppi að endurgreiða 2/3 eða 150 kr.. Hjer af hefur hreppsnefndin endurgoldið 76 kr. 66 a.. Eru þannig óborgaðar 73 kr. 34 a..-

Ennfremur hefur fátækrasjóðurinn borgað fyrir legukostnað Guðmundar á Sjúkrahúsinu frá 6. júlí 1908 til 30. júní þ.á., 538 krónur. Af þessari upphæð á Gaulverjabæjarhreppur að fá endurgoldið úr landssjóði samkv. 77. gr. fátækralaganna 338 krónur, og á fátækrasjóður Reykjavikur, að fá endurgoldna þá upphæð að fullu. Af hinum öðrum 200 kr. legukostnaðarins, á Gaulverjabæjarhreppur að endurgjalda fátækrasjóði Reykjavikur, 133 kr. 33 a..-

Verða þannig upphæðirnar, er Gaulverjabæjarhreppur skuldar fátækrasjóði Reykjavikur kr. 73.34+338+133.33=544 kr. 67 a..- Er hjer með skorað á hreppsnefndina, að endurgjalda upphæð þessa hið allra fyrsta.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.ágúst 1909

Eins og meðfylgjandi brjef til hreppsnefndarinnar i Gaulverjabæjarhreppi ber með sjer, skuldar sá hreppur fátækrasjóði Reykjavikur fyrir styrk lagðan Guðmundi Ámundasyni 544 kr. 67 a..- Upphæð þessa bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta og senda mjer hið allra fyrsta.-

Til

Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.ágúst 1909

932

Með skirskotun til brjefs míns dags.7.april þ.á. og brjefs hreppsnefndarinnar, dags.21.s.m., sendi jeg hjer með reikning yfir legukostnað stúlkunnar Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum frá 5.april til 30.júni þ.á. að upphæð 129 kr., og er hjer með skorað á hreppsnefndina, að endurgreiða upphæð þessa hið allra fyrsta.-

Til

hreppsnefndarinnar i Innra-Akraneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur.

19.ágúst 1909

933

Með brjefi dags.26.april þ.á. beiddi jeg yður,herra sýslumaður,að útvega viðurkenningu Hreppsnefndarinnar i Geiradalshreppi fyrir sveitfesti stúlkunnar Guðrúnar Jóhannesdóttur, er Jóhann Jónsson fyrv.póstur frá Bakka i Geiradal hafði sagt til sveitar,þar sem meðlag það sem hann fjekk frá Geiradalshreppi, ekki var nægilegt til greiðslu á legukostnaði stúlkunnar á st. Joseps spitala,þar sem hún liggur veik i berklaveiki.Jeg hef nú enn ekki fengið þessa viðurkenningu,en þar sem enginn vafi getur leikið á því að stúlka þessi sje sveitlæg i Geiradaldhreppi,sendi jeg yður hjer með reikning yfir legukostnað hennar á sjúkrahúsinu hjer frá 26.april til 30.júni þ.á.,að upphæð 97 kr. 50 a., og fer jeg þess á leit,að þjer innheimtið upphæð þessa hjá Geiradalshreppi,og að hreppsnefndin gangi i ábyrgð fyrir legukostnaðinum framvegis,þannig að fátækrasjóður hjer,þurfi ekki að leggja hann út.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.ágúst 1909 934

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að greiða stúlkunni Þórunni Pjetursdóttur fyrir Þórð Bjarnasonar frá Melstað, 40 kr.,meðlag samkv.amtsúrskurði 5.sept.1895 með óskilgetnum syni þeirra Sigurði Markúsi,áfallið 2.f.m..Þórður þessi er sveitlægur i Ytra-Akraneshreppi,og er þvi hjer með skorað á hreppsnefndina, að endurgjalda fátækrasjóðnum hjer meðlag þetta,40 krónur.-

Til

hreppsnefndarinnar i Ytra-Akraneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.ágúst

936

Guðmundur Guðmundsson íshúsvörður hefur tilkynnt mjer, að í dag sje dáinn ómaginn Kristján Hróbjartsson, sem verið hefur hjá honum.-Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.ágúst 1909

937

Í framhaldi af brjefi mínu dags.29.júní.leyfi jeg mjer að skýra frá,að jeg hef 16.þ.m. orðið að veita konu Guðmundar Jóhannessonar viðbótarstyrk að upphæð 40 krónur,og skuldar því Guðmundur Jóhannesson sveitinni hjer 70 krónur. Framfærsluhreppi hans Dýrafjarðarhreppi ber að endurborga 2/3 hluta af þessum 70 kr. og bið jeg yður,herra sýslumaður,að innheimta upphæðina hið fyrsta og senda mjer.-

Til

Sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. ágúst 1909

938

Með brjefi yðar dags, 8. ágúst f.á. senduð þjer mjer frá Fljótshlíðarhreppi 40 krónur, til endurgjalds 2/3 hlutum af styrk þeim, er konunni Ástríði Hróbjartsdóttur hafði verið veittur á tímabilinu frá 31. jan. til 7. april 1908, og var yður send kvittun fyrir þessu með brjefi minu dags. 18. ágúst f.á.. En hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps á ennþá ógreidda 2/3 hluta af styrk þeim er sömu Ástríði Hróbjartsdóttur var veittur 23. mai f.á. að upphæð 20 kr., og nú hefur hún enn orðið að þiggja í viðbót 20 króna styrk úr fátækrasjóði. Eru það því tilmæli min, að þjer innheimtið hið fyrsta hjá Fljótshlíðarhreppi 2/3 hluta af þessum 40 kr..-

Til

Sýslumannsins í Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.ágúst 1909

Eptir að hafa meðtekið brjef yðar,herra sýslumaður, dags.16.mai.þ.á.,með hverju bjer sendið mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhreppi fyrir því að gamalmennið Jón Björnsson sje sveitlægur þar,leyfi jeg mjer hjer með að ýtreka tilmæli mín í brjefi dags.20.marz þ.á. um að innheimtar verði hjá hreppnum 20 krónur til endurgjalds á 2/3 hlutum,af fátækrastyrk þeim er Jóni Björnssyni var veittur hjer 20.febr.þ.á.

Til

Sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.ágúst 9 940

Bæjarfógetinn hefur með brjefi 5.f.m. úrskurðað,að Egill nokkur Guðnason,gamalmenni á Húsavík,sje sveitlægur hjer í bænum,og að fátækrasjóði hjer beri að endurgjalda Húsavíkurhreppi 13 kr.52 a af styrk þeim er Agli var veittur þar árið 1907.Þessar 13 kr.52 a.,er hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri,að senda sýslumanninum í Þingeyjarsýslu áleiðis til hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.ágist 941

Gamalmenninu Agli Guðnasyni á Húsavík, sem er úrskurðaður sveitlægur hjer í bænum, hafur verið lagt af sveitarsjóði Húsavíkurhrepps næstliðinn vetur 67 kr. 50 a.. Af upphæð þessari er fátækrasjóði Reykjavíkur skylt að greiða 2/3 hluta eða 45 krónur og er hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að senda sýslumanninum í Þingeyjarsýslu upphæð þessa áleiðis til hreppsnefndar Húsavíkurhrepps.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.ágúst 1909

978

942

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 25. mai. þ.á. og fengið úrskurð fyrir því að Egill Guðnason, sá er brjefið ræðir um sje sveitlægur hjer í bænum, hef jeg lagt fyrir bæjargjaldkerann, að senda yður áleiðis til hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi, kr. 13.52 +45 kr. = 58 kr. 52 a. til lúkningar 2/3 hlutum af styrk þeim, sem Agli Guðnasyni hefur verið veittur af Húsavíkurhreppi.

Fátækranefndin hjer væntir, að hreppsnefnd Húsavíkurhrepps komi eptirleiðis Agli fyrir, þannig að það hafi sem minnst útgjöld í för með sjer fyrir fátækranefndina.-

Til

Sýslumannsins í Þingeyjarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. ágúst 1909

94.

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 8. marz þ.á. sendi jeg hreppsnefndinni hjer með reikning yfir það, er ekkjan Steinunn Ísaksdóttir skuldar bænum fyrir þeginn fátækrastyrk næstliðinn vetur og vor, er ekki varð hjá komizt að veita henni vegna veikinda hennar, að upphæð kr. 76,75, og þar sem engin von mun vera um, að Steinunn sjálf geti að þessu sinni endurborgað styrkinn, er hjer með krafizt endurgjalds á honum.-

Til hreppsnefndarinnar í [illegible]neshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. ágúst 1909

944

Með skirskotum til brjef mins dags. 6.marz þ.á. tilkynnist hreppsnefndinni hjer með,að Þorvaldur Árnason Holtsgötu 8,hefur endurgoldið fátækrastyrk þann,er nefnt brjef ræðir um.-

Til hreppsnefndarinnar í Hraunhreppi,Mýrasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S kr-stofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20.ágúst 1909

Þann 27.febr. þ.á.var Elínu Halldórsdóttur konu Kristjáns Þorleifssonar á Árbæ í Ølvesi veittur 25 kr. fátækrastyrkur til framfæris henni og barni þeirra.Í fyrstu áleit nefndin,að Kristján þessi væri sveitlægur í Landmannahreppi.Var því hreppsnefnd þess hrepps tilkynnt styrkveitingin og send aðsjónargjörð sú er fram fór.Jafnframt var sýslumaðurinn í Árnessýslu beðinn um að taka æfiferilsskýrslu Kristjáns til þess að fá vissu um hvar hann og kona hans væru sveitlæg.-Samkvæmt skýrslu þessari,er jeg sendi yður,herra sýslumaður,hjer með,er Kristján þessi sveitlægur í Rangárvallasýslu.Bið jeg því yður,herra sýslumaður,að útvega mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfestinni og jafnframt innheimta hjá honum 2/3 hluta af hinum veitta styrk.-

Jeg hef skrifað hreppsnefnd Landmannahrepps og beðið hana,að senda yður aðsjónargjörð þá,sem áður er nefnd.-

Til

Sýslumannsins í Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.ágúst 1909 944

Sýslumaðurinn i Árnessýslu,hefur sent mjer æfiferilsskýrslu Kristjáns Þorleifssonar frá Árbæ,og samkvæmt henni er Kristján sveitlægur i Rangárvallahreppi en ekki i Landmannahreppi eins og jeg hafði haldið i fyrstu.Jeg bið yður því oddviti,að senda sýslumanninum i Rangárvallasýslu við allra fyrsta tækifæri aðsjónargjörð þá,er jeg sendi með brjefi dags.16.marz .þ.á..-

Til

hreppsnefndarinnar i Landmannahreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20.ágúst 1909 947

Eins og jeg tilkynnti yður í brjefi dags.16.marz þ.á.,var Elínu Halldórsdóttur konu Kristjáns Þorleifssonar á Árbæ í Ølvesi veittur 25 kr.fátækrastyrkur.Þessa upphæð bið jeg yður,herra sýslumaður,að innheimta hjá Kristjáni með lögtaki ef á þarf að halda.-

Til

sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.ágúst 1909

948

Jeg sendi yður,herra bæjargjaldkeri,hjer með 120-eitt hundrað og tuttugu krónur-,sem er endurgjald frá Kaupmannahöfn á styrk veittum Kai Kristensen.

Kvittun óskast við tækifæri.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. ágúst 1909.



949

Þann 21.des.f.á.,var Sigurgeir Kristjánssyni,Hverfisgötu 50 veittur fátækrastyrkur að upphæð 20 krónur eptir að aðsjón hafði farið fram hjá honum.Formaður fátækranefndarinnar tilkynnti hreppsnefndinni í Holtshreppi hinum forna,þar sem Sigurgeir áleist að vera sveitlægur styrkveitingu þessa,sendi henni aðsjónargjörðina og krafðist endurgjalds á 2/3 hlutum styrksins.Þessu hefur hreppsnefnd Holtshrepps svarað í meðfylgjandi brjefi dags.20.febr.þ.á. á þá leið að hún færist undan,að endurgreiða styrkinn fyrir þá sök,að æfiferilsskýrsla hans hafi ekki verið tekin eins og fátækralögin fyrirskipa.Eptir að jeg hafði meðtekið þetta brjef og eptir að Sigurgeir var kominn út af sjúkrahúsi,sem hann lá á í vetur,tók jeg æfiferilsskýrslu hans og sendi jeg hana hjer með.Samkvæmt henni getur enginn vafi leikið á því,að hann er sveitlægur í Holtshreppi hinum forna.

Á þessu ári varð ennfremur að veita Sigurgeir styrk að upphæð 70 kr. 75 a. aðallega vegna veikinda.Holskurður var gjörður á honum á sjúkrahúsinu.Hefur hann því alls fengið styrk hjer að upphæð 90 kr. 75 a.,en þar af hefur hann endurgoldið í sumar 10 krónur.Skuldar hann því nú fátækrasjóðnum hjer 80 kr. 75 a. og mælist jeg til,að þjer,herra sýslumaður, innheimtið 2/3 hluta af upphæð þessari kr.53.83 hjá hreppsnefnd Holtshrepps.-

Jeg skal geta þess,að jeg hef dregið að svara áðurnefndu brjefi hreppsnefndarinnar 20.febr.þ.á. fyrir þá sök eina, að jeg hafði vonað,að Sigurgeir hefði getað fengið þá atvinnu hjer í bænum í sumar,að hann gæti endurborgað styrkinn að fullu en sú von hefur brugðist.Geti hann seinna endurborgað hann, verður hreppsnefnd Holtshrepps endurgoldið það er hún greiðir hingað.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik d. 20. August '09 986

Ohlsen & Ahlmann A/S. København

Hoslagt sendes en Check paa Privatbanken i København, stor 1147 kroner 96 ø. fra Reykjavik Kommune til Dækning af dens Gæld i Henhold til deres Fakturaer af 12. og 17. f. M. –

Kvittering önskes. –

Med Höjagtelse

The Mayor's Office at Reykjavik
20 August '09

951

H. A. Payne Esq. J. P.
Enville
Stourbridge, England.

Dear Sir, I beg to enclose herewith a cheque amounting to £ 721 - Seven hundred and twenty on pounds, British Sterling, of wich £ 700 is the last instalment of the amount due to you by the town of Reykjavik for the purchase of the Ellidaár, whereas the amount of £ 21 is interest at the rate of 3 per cent for the year from 1st September 1908 to 31st August 1909. Please acknowledge the receipt of the above amounts at your convenience.

I am, Dear Sir
yours faithfully

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

952

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. ágúst 1909

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra oddviti, dags. 2. þ.m. sendi jeg yður hjer með reikning yfir fátækrastyrk þann, er ekkjan Jónína Sigurðardóttir hefur þegið hjer í bænum. Styrkur þessi er alls að upphæð 85 kr.- Þar af ber Selvogshreppi að endurgreiða 2/3 hluta eða kr. 56,67. En þar frá eiga að dragast 15 kr., er Reykjavíkurbæ ber að greiða af kostnaðinum við flutning Jónínu, samkvæmt nefndu brjefi yðar. Verða þá eptir kr. 41,67, er jeg vænti að meðtaka við fyrsta tækifæri.-

Til hreppsnefndarinnar í Selvogshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. ágúst 1909

Samkvæmt meðfylgjandi brjefi hreppsnefndaroddvitans i Selvogshreppi ber fátækrasjóðnum að endurgreiða Selvogshreppi 1/3 af kostnaðinum við flutning ekkjunnar Jóninu Sigurðardóttur á sveit sina, eða 15 kr.-Þessa upphæð ber að draga frá styrk þeim, er Jónina hefur þegið hjer i bænum næstliðinn vetur, en færist aptur bæjarsjóði til útgjalda undir útgjaldalið 18,d,

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. ágúst '09

990

954

Með hæstvirtu brjefi dags. 11. þ. m. hefur hið háa stjórnarráð sent byggingarnefndinni brjef franska vicekonsúlsins dags. 6. þ. m. viðvíkjandi hesthúsbyggingu.–

Hvað snertir þetta erindi herra konsúlsins vísar byggingarnefndin til brjefs þess, er hún skrifaði konsúlnum 27. f. m. og verður vjer að ítreka að ekki má byggja hesthúsið, nema fengið sje leyfi byggingarnefndarinnar, en um það hefur ekki verið sótt. Það mun rjett að uppdráttur af fyrirhuguðu hesthúsi hafi fylgt teikningunum af íbúðarhúsinu, er leyfið til að byggja íbúðarhúsið var veitt. En slíkt var ekki nægilegt, enda ekki af teikningunum hægt að sjá hvar hesthúsið átti að vera á lóðinni, og heldur ekki vissi byggingarnefndin neitt til þess, að leyfi heilbrigðisnefndar væri fengið til að byggja hesthúsið, er þó þurfti að koma til samkvæmt 20. gr. heilbrigðissamþyktar bæjarins.–

Brjef konsúlsins ásamt fylgiskjölum endursendist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. ágúst 9

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með, eitt hundrað krónur, sem sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hefur endursent, er það er styrkur, er ekkju Björgu Runólfsdóttur konu Guðmundar Pjeturssonar var veittur úr fátækrasjóði þ. 24. mai þ.á., en hún hefur eigi þótt (~~[illegible]~~) þurfa á að halda og því eigi tekið á móti. –
Kvittun óskast fyrir þessari greiðslu

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

954

26. ágúst 9

Með gufuskipinu „Vestu" kom hingað frá Ísafirði, 14. þ. m. Jón nokkur Þorvarðarson á leið til framfærsluhrepps síns Beruneshrepps í Suður-Múlasýslu, með konu og þremur börnum. Þegar hann kom hingað, var hann orðinn fjelaus og gat ekki haldið ferðinni áfram; beiddist hann styrks úr fátækrasjóði bæjarins til að komast áfram alla leið til átthaga sinna.

Fátækranefndin hefur því útvegað manni þessum vegabrjef og fjölskyldu hans og greitt kostnað við dvöl hans hjer og ferð með strandferðabátnum „Hólum", sem fer hjeðan á morgun. Reikning yfir þennan kostnað, leyfi jeg mjer nú að senda yður, herra sýslumaður, og mælast til, að þjer hlutist um, að 2/3 hlutar hans, kr. 30.00, verði endurgoldnir fátækrasjóði Reykjavíkur frá Beruneshreppi. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. ágúst 9

Með heiðruðu brjefi dags. 10. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, endursent mjer 100 - eitt hundrað krónur, er konunni Elínu Björgu Runólfsdóttur á Eskifirði voru veittar úr fátækrasjóði hjer og sendar yður með brjefi hjeðan 24. maí þ. á.

Fyrir þessari endurgreiðslu veiti jeg viðurkenning. -

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

952

Borgmesterkontoret i Reykjavik

30. Aug. 1909

Sophus Berendsen A/S , K ö b e n h a v n .

Iflölge deres brev af 31. f.m. skulde vi have modtaget det manglende F-stykke til vandledningen með s/s Sterling, der afgik fra København d. 5.d.m.-Dette stykke har vi til stor gené endnu ikke modtaget. Samtidig med at underrette dem om dette venter jeg at de ikke undlader at sende det med förste dampskib der afgaar fra København hertil, hvis det ikke allerede er afsendt.

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

995

958

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31. ágúst 1909

Hjer í bænum er á framfæri gamalmenni að nafni Eydís Eyjólfsdóttir, sveitlæg í Ølveshreppi, er nú liggur rúmföst og er meðlagið með henni 1 kr. á dag. Eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer hefur Eydísi verið lagður fátækrastyrkur að upphæð 198 kr. síðan á nýjári, og er þó ekki talinn með styrkurinn fyrir ágústmánuð. Af upphæð þessari á Ølveshreppur að greiða 2/3 hluta eða 132 kr., en hefur að eins greitt 38 kr. Skuldar þannig Ølveshreppur fátækrasjóði Reykjavikur 94 kr., er jeg bið yður að innheimta hið fyrsta.-

Til Sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31. ágúst 1909

Með brjefi dags. 26. mai þ.á. fór jeg þess á leit, að þjer, herra sýslumaður, innheimtuð hjá hreppsnefnd Bessastaðahrepps 150 kr., er Jónasi Árnasyni, Laugaveg 56, höfðu verið lagðar úr fátækrajsóði Reykjavikur, en styrkur þessi var veittur eptir beinni ósk hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Með því að upphæð þessi er ennþá ógreidd og jeg ekki hef fengið neitt svar upp á nefnt brjef mitt, leyfi jeg mjer hjer með að itreka nefnda beiðni mina, og jeg sendi jafnframt á ný reikning yfir það, er Jónasi hefur verið lagt af sveitarsjóði.-

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1. sept. 1909

Með brjefi dags. 28. júní þ. á.tilkynnti jeg yður,herra bæjarfógeti,að hús það,er konsúll J.Brillouin er að láta byggja á Fjelagstúni fullnægði ekki að sumu leyti ákvæðum byggingarsamþykktar bæjarins,og að smiðurinn, sem fyrir byggingunni stendur hafi færzt undan að lagfæra það er þurfti,til þess að ákvæðum byggingarsamþykktarinnar verði fullnægt.Byggingarfulltrúinn hefur nú skýrt mjer frá,að ennþá sje ekki búið að lagfæra galla þá,er á byggingunni sjeu.Jeg hef nú heyrt að húsið eigi að vera fullgjört og að herra konsúll J.Bridlouinn ætli að flytja í húsið einhvern hinna næstu daga.Jeg leyfi mjer því að fara þess á leit,að þjer látið hafa gætur á,hvort nefndur konsúll byrji að flytja í húsið,og gjöri hann það,bið jeg yður að leggja lögbann fyrir að hann flytji í húsið,nema áður sje fengið leyfi byggingarnefndarinnar til að taka það til íbúðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
1. sept. 1909

Herra konsúli J. Brillouin , Reykjavík.

Byggingarfulltrúinn hefur skýrt mjer frá því, að ennþá sje ekki búið að færa í lag það, er með þurfi til þess að hús það, er þjer eruð að láta byggja á Fjelagstúni fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar til íbúðarhúsa, en í brjefi dags. 26. júní þ.á. skýrði hann yður frá hvað lagfæra þyrfti. Jeg hef nú heyrt, að þjer, herra konsúll, munið hafa í hyggju að flytja íbúð yðar í húsið mjög bráðlega og því leyfi jeg mjer að aðvara yður um, að samkvæmt byggingarlögum kaupstaðarins má ekki taka nýbyggt hús til íbúðar nema fengið sje til þess skriflegt leyfi byggingarnefndarinnar, en slíkt leyfi verður væntanlega því að eins gefið, að húsið fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

Jafnframt því að aðvara yður um þetta leyfi jeg mjer að vænta þess, að þjer leggið fyrir yfirsmið hússins, að hann lagfæri án frekari dráttar það er með þarf, svo að húsið fullnægi að öllu leyti kröfum byggingarsamþykktar bæjarins til íbúðarhúsa.

Virðingarfyllst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3 sept. 1909.

999

963

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingu á húseign Sigurjóns Sigurðssonar, trjesmiðs, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær.

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3 Sept. 09

1000

964

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, að bæjarstjórnin samþykkti brunabótavirðingu á timburhúsi Sigurjóns Sigurðssonar í Lækjargötu 10B á kr. 3596.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur